

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir

**Skýrsla um málumhverfi  
og lestrarnám barna í tíu leikskólum**  
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

© Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
2011

## Samantekt

Þessi skýrsla er afrakstur verkefnis sem var framkvæmt á grundvelli þriggja ára áætlunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem gildir frá 2010 til 2012 og samkvæmt 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Verkefnið fólst í því að afla upplýsinga um málumhverfi leikskólabarna á Íslandi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi þann 8. mars 2011 tölvupóst til allra sveitarfélaga á landinu sem reka leikskóla. Óskað var eftir ábendingum um leikskóla þar sem unnið væri skipulega með málörvun og þróun lestrarnáms og svarfrestur gefinn til 22. mars 2011. Ábendingunum skyldi fylgja stutt lýsing á málörvunarstarfi viðkomandi leikskóla. Ráðuneytið fól skýrsluhöfundum, samkvæmt samningi frá 4. mars 2011, að velja tíu skóla af þeim leikskólum sem tilnefndir voru. Þeir skyldu kynna sér starf leikskólanna, skrifa skýrslu um áhugaverð verkefni þeirra og starf á sviði málörvunar og lestrarnáms og skila skýrslunni 16. júní 2011.

Mikið og öflugt þróunarstarf fer fram í öllum leikskólunum tíu á sviði málörvunar og lestrarnáms leikskólabarna þrátt fyrir mismunandi aðstæður í skólunum. Mikill áhugi er hjá stjórnendum og starfsfólki á þessu viðfangsefni sem meðal annars endurspeglast í þeim metnaðarfullu og fjölbreyttu þróunarverkefnum sem þar eru unnin í tengslum við mál og læsi.

Í flestum skólanna er markviss málörvun mjög tengd lestrarnáminu, fyrst og fremst þjálfun hljóðkerfisvitundar og eflingu orðaforða, enda benda rannsóknir til að þessi atriði hafi forspárgildi um gengi í lestrarnámi. Hins vegar mætti almenn málörvun í dagsins önn vera markvissari í sumum tilfellum. Umhverfi skóla styður misjafnlega vel við mál og læsi; í flestum leikskólunum er það mjög mál- og læsisörvandi, en í sumum er örvunin í umhverfinu fremur lítil. Aðgengi að mál- og læsisörvandi efniviði í frjálsum leik barnanna er einnig mjög misjafnt, allt frá því að vera nánast ekkert til þess að vera mjög gott.

Lestrarnám barnanna er að miklu leyti tengt margvíslegum leik, en leikurinn fer í mörgum tilfellum fram í sérstaklega undirbúnum stundum sem kennarinn stýrir, en síður í frjálsum leik þar sem frumkvæði barnanna nýtur sín. Ef til vill þarf að skýra betur mikilvæg hugtök á sviði náms og kennslu í tengslum við lestrarnám í samræmi við hugmyndafræði leikskóla.

Í flestum leikskólunum er mjög gott samstarf við grunnskólana sem taka við börnunum að leikskólanámi loknu. Starfsfólki leikskólanna finnst ríkja almennur áhugi í viðkomandi grunnskólum með starfið í leikskólunum og það finnur líka fyrir miklum samstarfsvilja um lestrarnám barnanna.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>1 Leikskólarnir</b> .....	<b>3</b>
1.1 Aðstæður í leikskólunum.....	5
<b>2 Starfshættir leikskóla</b> .....	<b>7</b>
<b>3 Málörvun og lestrarnám í leikskólum</b> .....	<b>9</b>
3.1 Málumhverfið í leikskólunum .....	10
3.1.1 Málfyrirmyndir.....	10
3.1.2 Mál- og læsisörvandi efniviður í umhverfinu .....	10
3.2 Málörvun og lestrarnám .....	12
3.2.1 Hlustun og hljóðkerfisvitund.....	12
3.2.2 Máltjáning og frásagnarhæfni .....	15
3.2.3 Orðaforði og málskilningur.....	18
3.2.4 Barnabókmenntir.....	21
3.2.5 Söngur og kveðskapur.....	24
3.2.6 Málörvun barna sem þurfa sérkennslu og barna af erlendum uppruna .....	25
3.3 Lestrarnám í leikskóla .....	26
3.3.1 Málahljóð og bókstafir .....	27
3.3.2 Ritun.....	31
3.3.3 Sögugerð.....	33
<b>4 Samstarf við foreldra og grunnskóla um lestrarnám</b> .....	<b>34</b>
4.1 Samstarf við foreldra .....	34
4.2 Samstarf við grunnskóla .....	36
<b>5 Til umræðu</b> .....	<b>38</b>
<b>Að lokum</b> .....	<b>40</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>41</b>

## Inngangur

Þessi skýrsla er afrakstur verkefnis sem fólst í því að afla upplýsinga um málumhverfi leikskólabarna á Íslandi. Markmiðið var fyrst og fremst að beina sjónum að leikskólum þar sem unnið er markvisst að málörvun og þróun lestrarnáms, meðal annars í tengslum við sérstök þróunarverkefni á sviði málörvunar og læsis. Tilgangurinn með verkefninu er meðal annars að vekja athygli á því sem vel er gert í leikskólum í þessum efnum og gæti gefið starfsfólki annarra skóla góðar hugmyndir.

Verkefnið var framkvæmt á grundvelli þriggja ára áætlunar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem gildir frá 2010 til 2012 og samkvæmt 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Hinn 8. mars 2011 sendi ráðuneytið tölvupóst til allra sveitarfélaga á landinu sem reka leikskóla. Óskað var eftir ábendingum um leikskóla þar sem unnið væri skipulega með málörvun og þróun lestrarnáms og svarfrestur gefinn til 22. mars 2011. Ábendingunum skyldi fylgja stutt lýsing á málörvunarstarfi viðkomandi leikskóla. Fram kom í bréfinu að sérfræðingum yrði falið að velja tíu af tilnefndu skólunum, skoða þá nánar og skrifa skýrslu um áhugaverð verkefni þeirra og starf á sviði málörvunar og lestrarnáms.

Svör bárust frá ellefu sveitarfélögum sem tilnefndu alls 25 leikskóla með athyglisvert starf eða verkefni um mál og læsi. Eftirfarandi sveitarfélög sendu inn tilnefningar: Akureyri, Blönduós, Fljótsdalshérað, Garðabær, Garður, Grundarfjörður, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Reykjavík, Skagafjörður og Vogar.

Ráðuneytið fól skýrsluhöfundum, Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur, lektor í íslensku við Háskóla Íslands, og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur, leikskólakennara og M.A. í menntunarfræðum, að velja þessa tíu skóla, kynna sér starf þeirra og skrifa um það skýrslu sem skilað yrði 16. júní 2011. Anna Þorbjörg hefur langa reynslu af kennslu um barnabókmenntir, málörvun og þróun læsis í námi leikskólakennara. Ingibjörg Ósk hefur starfað lengi í leikskólum og sérhæft sig í leik barna og hlutverki leikskólakennarans í leiknum.

Við valið á skólunum var einkum haft í huga að unnið væri skipulegt og áhugavert starf á sviði málörvunar og lestrarnáms, til dæmis að í skólanum væri yfirstandandi þróunarverkefni á þessu sviði eða að skólinn hefði nýlega lokið slíku verkefni. Einnig var haft í huga að þessir tíu skólar endurspegluðu mismunandi sýn og nálgun við viðfangsefnið til að gefa sem fjölbreyttasta mynd af því hvernig hægt er að örva mál og læsi leikskólabarna.

Eftirfarandi leikskólar voru valdir: Arnarberg í Hafnarfirði, Flúðir á Akureyri, Holt í Reykjanesbæ, Hæðarból í Garðabæ, Kiðagil á Akureyri, Tjarnarland á Egilsstöðum, Tjarnarsel í Reykjanesbæ, Tröllaborg að Hólum í Hjaltadal í Skagafirði, Völlur í Reykjanesbæ og Ægisborg í Reykjavík. Skýrsluhöfundar heimsóttu alla skólana, fylgdust með starfinu og ræddu við leikskólastjóra og starfsfólk.

Skólarnir voru allir heimsóttir að morgni dags og hver heimsókn varði í um það bil fjórar stundir. Skýrsluhöfundar kynntu sér málörvunarstarf skólanna með því að ræða við leikskólastjóra og annað starfsfólk, ýmist aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra eða starfsfólk sem bar sérstaka ábyrgð á starfi skólans á sviði málörvunar og læsis eða einstökum þáttum þess starfs. Skýrsluhöfundar skráðu jafnóðum hjá sér það sem fram kom í svörum viðmælenda við spurningum þeirra. Einnig skoðuðu skýrsluhöfundar og skráðu hjá sér hvernig umhverfi skólanna innandyra, bæði í almennu rými og á deildum, styður við og örvar málörvun og læsi barnanna, þar með talinn mál- og læsisörvandi efniviður sem börnin hafa aðgang að í leik og skipulögðu starfi. Þá skoðuðu þeir hvernig starfið, eða leikurinn sem þeir fylgdust með, endurspegladi áherslur á þessu sviði. Í viðtölunum og samræðum sem fóru fram þegar skólarnir voru skoðaðir var fyrst og fremst rætt um áherslur í skólastarfinu sem snerta málörvun og lestrarnám barnanna. Inn í þær umræður fléttaðist ýmislegt sem tengist almennum starfsháttum, menningu og hefðum, svo og sérstökum aðstæðum sem skólarnir búa við í því samfélagi þar sem þeir starfa. Unnið var úr vettvangsnótum samdægurs.

Margir skólanna hafa líkar áherslur og vinna svipuð verkefni á sviði málörvunar og læsis og því er farin sú leið hér að lýsa áhugaverðum verkefnum og starfi eftir efnisþáttum, frekar en að gera heildarstarfi hvers skóla sérstök skil. Skipulag skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er stutt kynning á þróunarstarfi skólanna með tilliti til málörvunar og læsis. Því næst er fjallað um starfshætti leikskóla með áherslu á leikinn sem náms- og þroskaleið. Í aðalkafla skýrslunnar um málörvun og lestrarnám í leikskólunum tíu er fjallað um alla helstu áherslupætti þess viðfangsefnis og þeir settir í fræðilegt samhengi. Þar er sjónum beint að málumhverfi barnanna í leikskólunum og aðgengi að mál- og læsisörvandi leikefni. Enn fremur er fjallað um einstaka þætti málörvunar og lestrarnáms og tekin dæmi um hvernig unnið er með þá í skólunum. Þessir þættir eru hlustun og hljóðkerfisvitund, máltjáning og frásagnir, orðaforði og málskilningur, barnabækur og söngur, bókstafir, ritun og sögugerð. Einnig er fjallað um samstarf skólanna við foreldra um mál og læsi barnanna og samstarf við grunnskólana sem börnin fara í að loknu leikskólanámi sínu. Í lokakaflanum eru helstu niðurstöður dregnar saman og velt upp nokkrum spurningum sem vaknað hafa í tengslum við lestrarnám barnanna og sýn starfsfólks á nám og kennslu í því sambandi.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum þeim leikskólum sem sendu inn upplýsingar um þróunarstarf sitt og áhugaverð verkefni á sviði málörvunar og læsis og sérstakar þakkir fá stjórnendur og starfsfólk leikskólanna tíu fyrir góðar móttökur og gagnlegar og lærdómsríkar samræður.

## 1 Leikskólarnir

Í flestum leikskólunum tíu standa nú yfir þróunarverkefni um málörvun og/eða lestrarkennslu eða þeim er nýlega lokið. Sumir skólarnir hafa einnig lagt sérstaka áherslu á þessa þætti í starfi sínu þó ekki sé um formlegt þróunarverkefni að ræða. Hér í upphafi verður í örstuttu máli greint frá þróunarverkefnunum og áherslum í starfi skólanna er varða mál og læsi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum leikskólanna.

**Arnarberg** ([www.leikskolinn.is/arnarberg](http://www.leikskolinn.is/arnarberg)) er forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi í Hafnarfirði. Löng hefð er fyrir lestri bóka fyrir börn í leikskólanum en árið 2008 hófst þar þróunarverkefni sem á að standa til ársins 2013. Markmiðið er að gera umhverfi leikskólans læsishvetjandi og örva læsi í gegnum leik, talmál, ritmál, skapandi starf og fjölbreytta móðurmálskennslu. Lögð er áhersla á að bækur og ritföng séu aðgengileg fyrir börnin á deildum og að þau hafi ákveðinn stað þar sem þau geta verið í næði við að lesa/skoða bækur. Húsgögn, hirslur og vinnumhverfi barna er merkt með myndum og víðeigandi texta.

Á leikskólanum **Flúðum** ([www.fludir.akureyri.is/](http://www.fludir.akureyri.is/)) á Akureyri hófst þróunarverkefnið *Bernskulæsi* haustið 2006 og síðan hefur verið unnið markvisst með mál og læsi í leikskólanum þó verkefninu hafi formlega lokið 2007. Starfsfólk naut handleiðslu sérfræðinga við Háskólann á Akureyri við þróunarstarfið. Markmiðið var að efla alla þætti máls og leggja grunn að lestri og ritun með markvissri vinnu og leik. Lögð var áhersla á að efla hljóðkerfisvitund og orðaforða, að lesa fyrir börnin og að vinna með frásagnir, sögugerð og ritun. Bernskulæsi er nú í auknum mæli fléttað inn í leikinn og alla þætti daglegs lífs í leikskólanum og mikið er lagt upp úr því að gera umhverfi leikskólans læsishvetjandi.

Í leikskólanum **Hæðarbóli** ([www.haedarbol.is](http://www.haedarbol.is)) í Garðabæ er löng reynsla af því að vinna með markvissa málörvun. Frá árinu 1997 hefur verið unnið sérstaklega með þjálfun mál- og hljóðkerfisvitundar og undanfarin fjögur ár hefur mikil áhersla verið lögð á hljóðgreiningu. Nú stendur yfir þróunarverkefni í öllum leikskólum Garðabæjar sem nefnist *Lesmál*. Með því er lögð áhersla á markvissar sögu- og samræðustundir sem ætlað er að stuðla að auknum hlustunar- og málsskilningi barna, auka orðaforða þeirra og hugtakaskilning og ýta undir tjáningu.

Í leikskólanum **Holti** ([www.rnb.is/holt](http://www.rnb.is/holt)) í Reykjanesbæ var unnið þróunarverkefnið *Lifandi lestur* árin 2003-2006, en áherslur úr því verkefni hafa fest sig í sessi í leikskólanum. Markmið starfsins er að undirbúa börnin fyrir lestrarnám með góðri málörvun, ekki síst með lestri bóka, og er þess þá gætt að lestrarstundir séu ánægjulegar. Unnið er með alla þætti málörvunar en sérstök áhersla er á orðaforða og málskilning. Einnig er lögð rík áhersla á samstarf við foreldra í þessu efni. Meðal annars er unnið með eina ákveðna bók með elstu börnunum í langan tíma og í samvinnu við heimilin.

Í leikskólanum **Kiðagili** ([www.kidagil.akureyri.is](http://www.kidagil.akureyri.is)) á Akureyri hófst þróunarverkefni árið 2009 með markvissa málörvun og umhverfi þar sem ritmál er sýnilegt. Verkefnið heitir *Leikskólalæsi* og er unnið í samvinnu við Kennsluþróunarsvið Háskólans á Akureyri og því

lýkur vorið 2011. Markmiðið er að styrkja málvitund barna og veita þeim skipulega málörvun sem stuðlar að færni í íslensku. Lögð er áhersla á að samtvinna alla þætti máls, svo sem hlustun, máltjáningu, orðaforða, lestur og ritun. Enn fremur er lögð áhersla á markvissa og heildstæða læsiskennslu frá upphafi skólagöngu og að þróa vinnubrögð í lestrarkennslu í leikskóla. Einnig er verið að þróa matslista til að meta stöðu og framfarir barnanna í lestri.

Í leikskólanum **Tjarnarlandi** ([www.leikskolinn.is/tjarnarland](http://www.leikskolinn.is/tjarnarland)) á Egilsstöðum eru elstu leikskólabörnin í bænum, en þetta skóalár eru einnig nokkur fjöggra ára börn. Þar er nýlokið þróunarverkefni með fimm ára börnunum sem hófst árið 2009 og nefndist *Á vegamótum* og fólst í því að nýta menningar- og félagsleg tækifæri sem nærsamfélagið hefur upp á að bjóða. Markmiðið var að styrkja sjálfsmynd barnanna, efla virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og öðrum, efla samskipti við nærsamfélagið og opna augu barnanna fyrir sérkennum þess, efla virðingu barnanna og þekkingu þeirra á heimabyggð, þróa og bæta starfshætti leikskólans og festa þá í sessi. Í þessu starfi var enn fremur áhersla á mál og ritmál í tengslum við margvísleg verkefni sem unnin voru og mikil áhersla lögð á að leikur og sköpun réði ferðinni í starfinu.

Starfsfólk í leikskólanum **Tjarnarseli** ([www.tjarnarsel.is](http://www.tjarnarsel.is)) í Reykjanesbæ hefur undanfarin átta ár þróað starfs- og kennsluáðferðir í málörvun og læsi. Á þeim árum hafa verið unninn þrjú þróunarverkefni þar að lútandi: *Lestrarhvetjandi umhverfi í leikskóla*, *Tíu vikna lestrar- og skriftarnám í leikskóla* og *Bók í hönd og þér halda engin bönd: Orðaspjall með leikskólabörnum*. Það síðastnefnda hófst 2009 og lýkur árið 2011. Það er unnið í samstarfi við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið þessara þriggja verkefna er að bjóða leikskólabörnum upp á leik- og námsskilyrði sem styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust. Markmiðið er einnig að beita snemmtækri íhlutun til að fyrirbyggja eða draga úr þörf á sérkennslu og stuðningi í grunnskóla.

Í leikskólanum **Tröllaborg** ([www.skagafjordur.is/default.asp?cat\\_id=1383](http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=1383)) á Hólum í Hjaltadal hófst þróunarverkefnið *Leikur og læsi* haustið 2009 og gert er ráð fyrir að það standi yfir í fjögur ár. Það er unnið í samstarfi við grunnskólann sem er í sama húsnæði og leikskólinn. Markmiðið er að setja fram áætlun um læsinnám- og kennslu frá leikskóla til grunnskóla, byggja upp lestrarvænt umhverfi í leik- og grunnskóla og hvetja börn og foreldra til lestrar. Enn fremur er lögð áhersla á að finna sem fyrst þau börn sem eru í áhættuhópi og að kanna hvaða áhrif snemmtæk íhlutun og markviss vinna með lestur í leikskóla og á fyrstu árunum í grunnskóla hefur á lestrarnám barna. Það er kennari yngri barna í grunnskólanum sem stýrir verkefninu og vinnur það sem hluta af lokaverkefni sínu til meistaraþrófs við Háskólann á Akureyri.

Í leikskólanum **Velli** ([www.hjalli.is/vollur](http://www.hjalli.is/vollur)) á Ásbrú í Reykjanesbæ hófst markviss lestrarkennsla hjá fimm ára börnunum fyrir tveimur árum. Starfið þróaðist í framhaldi af kennslu fimm ára barna í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og byggist á námsefni frá Helgu Sigurjónsdóttur sem hefur sérhæft sig í lestrarkennslu ungra barna. Starfsmenn Vallar

hafa einnig sótt námskeið hjá fleiri sérfræðingum um mál og læsi og byggja starf sitt meðal annars á því. Lögð er áhersla á alla þætti almennrar málörvunar og samþættingu þeirra og mikið er unnið með talað mál og ritun.

Í leikskólanum **Ægisborg** ([www.aegisborg.is](http://www.aegisborg.is)) í Reykjavík byggir starfið á fjórum hornsteinum sem eru leikur, hreyfing, ritmálsörvun og skapandi starf. Þar er rík ritmálshefð sem á rætur að rekja til þróunarverkefnisins *Leikur og ritmál*, sem unnið var meðal annars í leikskólanum Laugaborg í Reykjavík á árunum 1993-1995. Leikskólastjóri og einn deildarstjóri Ægisborgar tóku þátt í því verkefni og eru frumkvöðlar á þessu sviði hér á landi og hafa mikla og góða reynslu af slíku starfi með börnum. Allt starf skólans er rýnt með ritmálgleraugum og fléttast inn í öll viðfangsefni barnanna. Ritmálið, ásamt sögu- og bókagerð í nánnum tengslum við lestur barnabóka, er því í öndvegi í öllu skólustarfinu og mikilvægur liður í skapandi starfi barnanna og þróun læsis.

### 1.1 Aðstæður í leikskólunum

Aðstæður í þessum tíu leikskólunum eru mjög mismunandi og hefur það áhrif á starfið. Flestir skólanna hafa starfað lengi í grónum hverfum og búið við stöðugleika, aðrir hafa nýlega þurft að takast á við skipulagsbreytingar vegna breyttra aðstæðna og eru enn að laga starfið að þeim. Í tveimur skólanna, á Tröllaborg og Velli, er stór hluti barnanna börn námsmanna á sem eru í skólanum í tvö til þrjú ár og því er stöðug hreyfing í barnahópnum og mikill tími fer í aðlögun. En þrátt fyrir mismunandi aðstæður er unnið mjög metnaðarfullt starf í öllum skólunum.

Mikill munur er á milli þessara tíu skóla þegar kemur að hlutfalli starfsfólks með leikskólakennaramenntun. Nokkrir skólarnir eru svo gott sem fullmannaðir leikskólakennurum og öðru fag- og uppeldismenntuðu fólki, til dæmis Tjarnarland, Kiðagil, Flúðir og Tröllaborg, en í öðrum skólum er hlutfall fagmenntaðs starfsfólks talsvert lægra, jafnvel allt niður í 40%. Flestir skólanna tíu hafa á að skipa öðru uppeldis- eða fagmenntuðu fólki en leikskólakennurum, til dæmis þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, sálfræðingi eða grunnskólakennara, auk þess sem þar starfa leikskólakennarar með framhaldsnám í sérkennslu. Ófaglærða starfsfólkið í þessum tíu skólum hefur í flestum tilfellum margra ára reynslu af leikskólustarfi og getur tekið á sig nokkra ábyrgð. Starfsfólk af erlendum uppruna er í öllum skólunum nema tveimur og meðal þess eru grunnskólakennarar og hjúkrunarfræðingur. Það hefur flest sótt námskeið í íslensku og er að sögn stjórnenda með allgóð eða mjög góð tók á íslensku máli.

Nokkrir leikskólakennarar í þessum skólum eru í framhaldsnámi eða hafa lokið námi á meistarastigi. Fáir hafa sérhæft sig á sviði málörvunar og læsis, en nokkrir starfsmenn hafa sótt einstök námskeið í byrjendalæsi, einkum í Háskólanum á Akureyri. Starfsfólk leikskólanna sækir ráðstefnur og námskeið um mál og læsi í nokkrum mæli, en mismikið eftir skólum og almennt virðist ekki mikið í boði á því sviði. Dregið hefur úr því að starfsfólk sækir



námskeið, einkum ef um langan veg er að fara, í þeim mikla niðurskurði sem skólakerfið gengur í gegnum í flestum sveitarfélögum, en flestir skólanna reyna að senda fulltrúa úr starfsmannahópnum þegar við á og hægt er. Sumir skólanna eru í sambandi við sérfræðinga í byrjendalæsi í tengslum við þróunarverkefni og njóta leiðsagnar í einhverjum mæli.

Það kom fram í viðtölum við stjórnendur leikskólanna hve miklu skiptir fyrir leikskólastarfið að öflugur stuðningur og ekki síst skilningur á þörfum leikskóla ríki í sveitarfélaginu. Í því sambandi skiptir til dæmis virkur og hvetjandi leikskólafulltrúi afar miklu máli. Leikskólarnir gera talsvert af því að kynna þróunarverkefni sín, til dæmis á málþingum, ráðstefnum og á vegum fræðsluyfirvalda í sínu sveitarfélagi. Einnig er tekið á mótí hópum í heimsókn, einkum starfsfólki annarra leikskóla sem vill kynna sér þróunarstarfið. Þannig er þó nokkuð um að starfsfólk leikskóla sæki sér hugmyndir til starfssystkina í öðrum skólum og læri hver af öðrum.

## 2 Starfshættir leikskóla

Íslenskir leikskólar starfa eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámsskrá leikskóla (2011). Í 2. gr. laga um leikskóla, sem fjallar um markmið leikskólastarfs, segir meðal annars: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.“ Í nýrri aðalnámsskrá leikskóla (2011) er enn fremur lögð á það rík áhersla að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið ungra barna og að hlutverk leikskólakennarans sé að styðja við nám barna í gegnum leik, meðal annars með því að: „Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa“ (bls. 27). Og enn fremur skal leikskólakennarinn: „Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra“ (bls. 27).

Leikurinn er mikilvægur þáttur í námsferli ungra barna og leikur og nám eiga að tengjast í leikskólastarfinu. Rannsóknir benda hins vegar til þess að leikskólakennarar hafi tilhneigingu til að aðgreina þessa þætti, leik og nám, í starfinu (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2010; Samuelsson og Johansson, 2006; Seridan og Samuelsson, 2009). Sumir fræðimenn hafa notað hugtakið „kennslufræðilegur leikur“ (*e. educational play*) þegar ákveðin námsmarkmið eru tengd við leik barna. Þá er unnið út frá því sem börnunum finnst skemmtilegast að gera, það er að leika sér, og þannig þróa þau með sér jákvætt viðhorf til náms (Johnson, Christie og Wardle, 2005). Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að ung börn læra best í gegnum leik. Engin athöfn sem stýrt er af fullorðnum er talin hafa sömu áhrif á nám barna og leikurinn og því er mikilvægt að leikur barnanna stjórnist af áhuga þeirra sjálfra og fari fram á þeirra eigin forsendum. Því má segja að barnið læri best í leik ef það fær sjálft að stjórna honum og skipuleggja. Þegar leikskólakennari stýrir leiknum fær frumkvæði barnsins ekki að njóta sín og barnið verður ekki eins áhugasamt og því verða náms- og þroskaáhrif hans ekki eins mikil og ef barnið fær sjálft að stjórna leiknum (Golinkoff, Hirsh-Pasek og Singar, 2006; Holzman og Newman, 2008). Það er lykilatriði að leikskólakennaranum takist að vekja áhuga barnsins á því sem hann vill að það læri í gegnum leik sinn, til dæmis með nýju leikefni sem tengist því. Barnið lærir ekki ef það hefur ekki áhuga á því sem kennarinn vill að það læri (Sheridan og Samuelsson, 2009).

Í leik getur barn gert ýmislegt sem það getur ekki í raunveruleikanum og því má segja að leikurinn auki möguleika barnsins á að þroskast og læra. Í leiknum vinnur barnið úr reynslu sinni og mátar sig við fjölmörg hlutverk sem það þekkir úr raunveruleikanum og fer eftir þeim reglum sem eiga við um hvert hlutverk (Smidt, 2009; Vygotsky, 1978). Ánægjan og gleðin sem fylgir leiknum gerir hann að skemmtilegu ferli sem leiðir af sér nám. Ánægjan felst í leikferlinu sjálfu en ekki afurðum eða afrakstri leiksins. Leikglatt barn er forvitið, spyr spurninga, gefur sér tíma til að kanna leikefnið og skilja það (Goouch, 2006; Sayeed og Guerin, 2000; Stone, 2001). Barnið þróa félagsþæfni sína í leiknum, það lærir hvað felst í

vináttu og eflir félagslega stöðu sína. Það lærir líka að taka tillit til skoðana annarra og taka siðferðilegar ákvarðanir (Saracho, 1998; Wood, 2004).

Leikurinn endurspeglar reynsluheim barnsins og þá menningu sem það þekkir. Mikilvægt er að leikskólakennarinn taki tillit til þess þegar hann skipuleggur starfið í leikskólanum. En til þess að leikurinn geti þróast þarf umhverfið að vera örvandi og hvetja til frumkvæðis og virkni barnsins. Einnig er mikilvægt að börnum sé gefinn nægur tími og fjölbreyttur efniviður til að þróa leik sinn; þannig þroskast þau og læra best. Hlutverk leikskólakennarans er að vera til staðar og fylgjast með leiknum því þannig kynnist hann börnunum, styrkleika þeirra og veikleika. Hann getur þá skipulagt umhverfið út frá þörfum barnanna og örvað þau til að þróa leik sinn enn frekar. Leikskólakennarinn getur gripið inn í leikinn og hvatt börnin til að þróa hann frekar, til dæmis með spurningum, nýjum efniviði eða jafnvel þátttöku sinni. En það þarf að gerast án þess að hann fari að stýra leiknum (Drake, 2003; Hoorn, Nourot, Scales og Alward, 2007; Moyles og Adams, 2006).

Leikurinn gegnir mikilvægu hlutverki í málörvun og lestrarnámi barna í leikskólastarfi. Rannsóknir sýna að leikur styður við þróun læsis, ekki síst ef umhverfið í leikskólanum er örvandi og greiður aðgangur er þar að fjölbreyttu læsis- og ritmálsörvandi leikefni. Leikskólakennarinn þarf að þekkja hlutverk sitt og kunna að leiðbeina börnum í leik og leyfa frumkvæði þeirra að njóta sín. Einnig þarf hann að vera vel að sér um þróun læsis á leikskólaárunum og geta lagað aðferðir við lestrarnám barnanna að leiknum í samræmi við hugmyndafræði leikskólans (Roskos og Christie, 2001; Saracho, 2004). Þó að leikskólakennarar telji að lestrarnám í leikskóla eigi fyrst og fremst að fara fram í leik barnanna, hafa rannsóknir á starfsaðferðum í leikskólum leitt í ljós að þeir nota gjarnan formlega kennslu þar sem stefnt er að ákveðinni færni í einstökum þáttum lestrarnámsins (Foote, Smith og Ellis, 2004).

### 3 Málörvun og lestrarnám í leikskólum

Í 2. gr. laga um leikskóla (nr. 90/2008) er fjallað um meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskólum. Þar segir að veita skuli „skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“ og einnig að rækta eigi „hæfileika barna til tjáningar og sköpunar“, meðal annars til að styrkja hæfni þeirra í mannlegum samskiptum.

Í nýrri aðalnámskrá leikskóla (2011) er ekki lengur talað um hefðbundin námssvið leikskóla hvert fyrir sig eins og gert var í aðalnámskránni frá 1999. Þess í stað er lögð áhersla á samþættingu námssviðanna í skapandi starfi. Þar sem áður var talað um málörvun og málrækt er nú talað um læsi og samskipti og þá í mjög víðri merkingu sem nær yfir margt fleira en tungumálið. Um læsi í leikskóla segir í kaflanum um samþætt og skapandi leikskólastarf: „Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“ (bls. 29). Engu að síður er minnt á að leikskólabörn þurfi að: „Öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu“ (bls. 30). Einnig er nefnt að þau eigi að: „Kynnast tungumálinu og möguleikum þess“ (bls. 30). Fjallað er um bókmenntir, sögur, ljóð, þulur og ævintýri, svo og söng, í tengslum við læsi og samskipti, en einnig í sambandi við sköpun og menningu. Þar sem fjallað er um leiðarljós leikskólastarfs segir: „Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri“ (bls. 25). Og enn fremur: „Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið“ (bls. 25).

Hefð er fyrir því að ræða um málörvun í leikskólastarfi og þá er átt við það að örva og þjálfa alla þætti móðurmálsins, svo sem tal, hlustun, orðaforða og málskilning, lestur og ritun. Þessir þættir eru undirstaða góðs málþroska og vitundar um tungumálið, og ekki síst undirstaða læsis og lesskilnings. Málörvun felst þannig í fjölmörgum atriðum sem eru samofin og fléttast saman á ýmsa vegu, rétt eins og málþroskinn er háður öðrum þroskaþáttum, svo sem vitrænum og félagslegum þroska. Málörvun er líka þess eðlis að hana má flétta inn í allt starf sem fram fer í leikskólanum.

Þótt hvergi sé kveðið á um það í aðalnámskrá eða í lögum að börn eigi að læra að lesa og skrifa texta í leikskóla hefur það þó færst í vöxt á undanförunum árum að leikskólinn sinni með skipulegum hætti ýmsum þáttum lestrarnáms í þeim tilgangi að greiða fyrir velgengni í lestrarnámi. Þar má nefna þjálfun hljóðkerfisvitundar, sem er nátengd hlustun, og aukna áherslu á orðaforða og frásagnarhæfni sem tengist meðal annars hefðbundnu starfi með fjölbreyttar frásagnir og barnabækur, svo og kennslu bókstafa og ritun. Reyndar er í mörgu tilliti erfitt að skilja á milli hefðbundinnar málörvunar og lestrarnáms, svo samofið er það ferli allt saman. Þróun læsis er ferli sem hefst við fæðingu og byggir á reynslu barna af lestri og prentmáli í nánasta umhverfi sínu. Öll börn í leikskóla eru því á leið til læsis. En þau fara mishratt og ná mislangt áleiðis áður en þau yfirgefa leikskólann sinn og hefja nám á nýju skólastigi. Hversu langt barnið nær í lestrarnámi sínu í leikskólanum ræðst meðal annars af þroska barnsins, viðeigandi örvun og ekki síst áhuga barnsins sjálfs.

### 3.1 Málumhverfið í leikskólunum

Þegar rætt er um málumhverfi er meðal annars átt við málfyrirmyndir barnanna og hvernig málið er notað í samskiptum við börn, hvernig málörvandi efniviður í umhverfinu örvar og hvetur börnin og hvernig aðgengi barnanna er að mál- og læsisörvandi leikefni.

#### 3.1.1 Málfyrirmyndir

Málnotkun starfsfólks og viðhorf til íslensks máls er mikilvægur þáttur í málumhverfi barna á máltökuskeiði. Allt starfsfólk leikskóla er mikilvægar málfyrirmyndir. Starfsfólk þarf að vanda sig þegar það ræðir við börn og leggja sig fram um að fylgja viðurkenndum reglum um gott málfar. Það þarf líka að tala skýrt og nota blæbrigðaríkt, kjarngott og vandað mál í samskiptum við börnin eins og hæfir aldri þeirra og þroska. Enn fremur þarf starfsfólk að hvetja börn sem mest til mállegra samskipta og vekja áhuga þeirra á tungumálinu með fjölbreyttum hætti.

Að sögn stjórnenda í öllum leikskólunum er starfsfólk meðvitað um málfarslegar skyldur sínar og þess vegna er mikið lagt upp úr því að starfsfólk vandi sig, ekki síst þegar það lætur frá sér texta á prenti eða í tölvupósti til foreldra. Textinn er alltaf lesinn yfir af því starfsfólki sem best þykir fært í íslensku máli og stafsetningu. Sama á við um allan texta á heimasíðum leikskólanna og upplýsingar og skilaboð til foreldra sem eru sýnileg í leikskólunum. Minna er um að íslenskt mál og málnotkun starfsfólks í starfi sé til umræðu í starfmannahópunum, en það þekkest samt og sums staðar reynir starfsfólk að benda hvað öðru á einstök málfarsatriði sem betur mega fara. Það er hins vegar ekki gert með skipulegum eða markvissum hætti í neinum skólanna. Flestir skólarnir eiga *Íslenska orðabók* og sumir eiga stafsetningarorðabók og *Íslenska samheitaorðabók*, en fáir skólar eiga aðrar handbækur um íslenskt mál. *Íslensk barnaorðabók*, sem sérstaklega er ætluð 5–8 ára börnum og kom út árið 2010, er til í tveimur skólanna.

Í þremur skólanna af þessum tíu könnuðust stjórnendur við íslenska málstefnu, *Íslenska til alls*, sem samþykkt var á Alþingi árið 2009. Ekki hafði komið til tals í neinum leikskólanna að setja skólanum sérstaka málstefnu sem tæki mið af hinni opinberu málstefnu. Svo virðist því sem leikskólar hafi almennt ekki tekið málstefnuna til sín þó þar sé meðal annars fjallað um leikskóla (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2008; *Íslenska til alls*, 2009). Stjórnendur í Tjarnarseli höfðu kynnt sér málstefnuna þegar hún kom út og finnst skólinn starfa í anda hennar. En allir stjórnendurnir tíu ætla að kynna sér málstefnuna betur enda rímar það vel við þá áherslu sem lögð er á málörvun í skólunum.

#### 3.1.2 Mál- og læsisörvandi efniviður í umhverfinu

Í aðalnámsská leikskóla (2011) kemur fram að umhverfið í leikskólanum gegni mikilvægu hlutverki í námi barna og leik. Umhverfið þarf að vera örvandi og hvetja börnin til að rannsaka heiminn, uppgötva og læra. Það á að henta fjölbreyttum hópi barna og starfsfólks og þróast með þörfum þeirra og áhuga. Efniviður til leiks þarf líka að vera fjölbreytilegur og

hann þarf að endurmeta reglulega til að mæta áhuga og þörfum ólíkra einstaklinga. Mikilvægt er líka að börnin hafi gott aðgengi að þeim efniviði sem þau vilja nota í leik sínum og að hann sé þeim vel sýnilegur, því það ýtir undir áhuga barnanna og eykur líkurnar á að hann sé notaður.

Í leikskólunum tíu er mjög misjafnt hvernig umhverfið ýtir undir áhuga barna á máli og læsi. Það er allt frá því að veita börnunum litla örvun og til þess að vera mjög læsis- og ritmálshvetjandi. Það er einnig mismunandi hversu aðgengilegur læsis- og ritmálsörvandi efniviður er börnunum í þessum skólum og sú hugmyndafræði sem leikskólinn starfar eftir ræður talsverðu þar um. Dæmi eru um að mestallur efniviður af þessum toga sé í lokuðum skápum eða skúffum og í sumum skólunum er hann aðeins í boði í skipulögðum stundum sem leikskólakennarinn stýrir. Annars staðar geta börnin nálgast leikefni sem ýtir undir mál og læsi í öllum leikstundum. Í flestum skólunum hafa börnin góðan aðgang að pappír og ritföngum. Hér eru nokkur dæmi um það hvernig umhverfið er skipulagt til að örva áhuga barna á máli og læsi og hvernig aðgengið er að læsis- og ritmálsörvandi efniviði:

- Hlutir, húsbúnaður og efniviður í leikskólanum er merkt með heiti.
- Bækur eru sýnilegar og aðgengilegar.
- Orð og orðasambönd sem unnið hefur verið með eru skrifuð og hengd upp á vegg.
- Stafrófið er sýnilegt uppi á vegg.
- Bókstafir eru aðgengilegir og börnin geta notað þá í leik sínum, til dæmis sem fyrirmyndir þegar þau skrifa, eða raðað þeim saman.
- Börn hafa aðgang að nöfnum sínum á prenti og einstaka öðrum algengum orðum til að nota sem fyrirmyndir í ritun.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og börnin hafa aðgang að pappír, ritföngum, töflu á vegg og tússpennum.
- Leikir, spil og myndir sem örva mál eru sýnileg og aðgengileg.
- Upplýsingar sem varða leik og daglegar athafnir barnanna í leikskólanum eru settar fram á mál- og læsisörvandi hátt í þeim vistarverum sem við á.
- Verkefni barnanna eru sýnileg á veggjum leikskólans, til dæmis myndir og myndverk sem þau hafa merkt eða jafnvel skrifað setningu við til skýringar.

Barnabækur eru mikilvægur hluti af þeim efniviði sem börnum er boðið upp á í leikskólunum tíu. Bókasöfn skólanna eru þó misjöfn, sum nokkuð góð, en önnur lakari og á það bæði við um sjálfan bókakostinn og fjölda bóka. Í sumum skólunum, til dæmis á Arnarbergi, Kiðagili, Tjarnarlandi og Tjarnarseli, hafa bækur forgang í innkaupum, umfram annan efnivið sem þarf að kaupa, en sumir skólar hafa skorið bókakaup talsvert niður á undanförunum árum vegna almenns sparnaðar. Í flestum tilfellum er bókasafn skólanna í opnu rými þar sem það blasir við börnunum. Nær undantekningarlaust eru bókum á deildum komið fyrir í þar til gerðum bókarekkum þannig að kápurnar snúa fram og að börnunum. Þannig verða þær meira áberandi og líklegri til að freista barnanna. Í öllum skólunum er börnunum

leyft að koma með eigin bækur í skólann, ýmist þegar þau vilja eða á ákveðnum bókadögum. Þannig eru bækur boðnar velkomnar í skólann. Stundum eru bækurnar lesnar fyrir allan hópinn eða börnin eru fengin til að sýna hinum þær og segja frá þeim.

Leikskólarnir nýta sér hverfis- og bæjarbókasöfn til að bæta sér upp það sem vantar í bókakostinn og til kynnst starfsemi bókasafna. Skólarnir nýta sér söfnin þó mismikið. Á Tjarnarseli er farið vikulega á bókasafn, aðrir fara einu sinni í mánuði eða sjaldnar. Sumum vex í augum að fara með börnin um lengri veg gangandi eða með strætisvagni. En það þekkest líka að farið sé með börnin þó langt sé að fara og skipta þurfi um strætisvagn á leiðinni, eins og á Holti í Reykjanesbæ, þar sem hvert barn fer í slíkan leiðangur tvisvar á vetri, að hausti og að vori. Starfsmaður á bókasafninu tekur þá á móti börnunum, les fyrir þau, leiðir þau um safnið og aðstoðar við val á bókum. Starfsfólk á Holti hefur fengið leiðbeiningar um lestur barnabóka hjá starfsmönnum safnsins og fær auk þess bókakoffort reglulega frá bókasafninu.

Í starfi Hjallastefnuskólanna er lagt upp með að börnum séu frekar sagðar sögur en að barnabækur séu lesnar fyrir þau. Völlur á því aðeins nokkrar barnabækur og þær eru inni í skáp og börnin hafa ekki frjálstan aðgang að þeim. Á sex vikna fresti fara elstu börnin í sögustund á bókasafninu í Keflavík og starfsfólk fær lánaðar bækur sem það les fyrir börnin eða kemur með þær að heiman. Börnin koma líka stundum með bækur í skólann sem þá eru lesnar. Í sögustundum er oft spjallað um efni sagnanna og einstök orð þó það sé ekki markvisst, en sögu- eða lestrarstund er fyrir börnin á hverjum degi.

### **3.2 Málörvun og lestrarnám**

Hér á eftir verður fjallað um áhugaverðar og fjölbreyttar aðferðir við málörvun barnanna í leikskólunum tíu og það hvernig lestrarnámi þeirra er sinnt. Fjallað verður um einstaka þætti málörvunar og lestrarnáms hvern fyrir sig og þeir settir í fræðilegt samhengi, en jafnframt skal á það minnt að þættirnir tengjast meira eða minna og fléttast saman, ekki síst í leik og starfi með börnunum.

#### *3.2.1 Hlustun og hljóðkerfisvitund*

Hlustun er virkt ferli sem breytir máhljóðum og töluðu máli í merkingarbærar einingar og heildir í huganum. Gerður er greinarmunur á virkri og óvirkri hlustun. Til að virk hlustun eigi sér stað þarf heilinn að vinna úr skilaboðum sem barnið heyrir, tengja þau við vitneskju sem þar er fyrir og skapa úr þeim merkingu (Hamaguchi, 2010). Rannsóknir benda til þess að tengingar heyrnartauga í heilanum eigi sitt næmiskeið fyrstu þrjú árin í lífi barnsins þó hlustunarhæfileikar haldi áfram að þroskast til unglingsára (Chermak og Musiek, 1997; hér vitnað til Jalongo, 2010). Hlustun er því einn af mikilvægustu þáttum máltökunnar og það þarf að kenna börnum að hlusta, örva þau frá fyrstu tíð með því að tala við þau. Þó að þau skilji ekki til að byrja með það sem sagt er eru þau samt að læra. Fyrst læra þau máhljóðin í móðurmálinu, en síðan einstök orð. Með hlustun byggir barnið upp orðaforða sinn frá fyrstu

tíð og lærir þannig að skilja talað mál að nokkru marki áður en það lærir sjálft að tala. Smátt og smátt, með auknum þroska, samskiptum og viðeigandi örvun, lærir barnið síðan að tala.

Virk hlustun er mikilvæg í öllum samskiptum, ekki síst í leik, og er lykill að farsælum félagslegum tengslum. Barnið þarf meðal annars að læra að fólk skiptist á að tala í samtölum og það þarf að hlusta á meðan viðmælandinn talar til þess að skilja hvað hann segir og geta brugðist við með viðeigandi hætti. Á sama hátt þarf barnið að geta brugðist við fyrirmælum, einföldum til að byrja með, en með auknum þroska getur það tekið við, unnið úr og brugðist við flóknari fyrirmælum. Athygli og einbeitingu er hægt að þjálfa markvisst í leik með börnum og kenna þeim að hlusta betur og betur með vaxandi aldri og þroska. Það hefur ekki einungis gildi fyrir nám barnanna, heldur skiptir það líka máli fyrir mannleg samskipti og almenna vellíðan.

Nám krefst virkrar hlustunar og það á ekki síst við um lestrarnám barna. Rannsóknir á börnum sem eiga í erfiðleikum í lestrarnámi benda til þess að vandi þeirra sé ekki síst af heyrnrænum toga. Í því sambandi hefur sjónum verið beint að hljóðkerfisvitund barna. Hljóðkerfisvitund (*e. phonological awareness*) er yfirhugtak og vísar til næmis eða vitundar einstaklingsins um hljóðræna uppbyggingu móðurmálsins. Átt er við meðvitaðan og ómeðvitaðan skilning á hljóðsamstæðum og hljóðeiningum í málinu, óháð merkingu (orðum, atkvæðum, rímatkvæðum og einstökum máhljóðum) og hæfileikann til að greina þær að, tengja og hafa áhrif á þær (Snow, Burns og Griffin, 1998). Hljóðkerfisvitund barna þroskast smátt og smátt með vaxandi málkunnáttu, bæði á talmáli og ritmáli, allt frá leikskólaaldri og til loka grunnskóla. Fyrst þroskast næmi fyrir stærri hljóðeiningum á borð við atkvæði og rím en hljóðavitundin (*e. phonetic awareness*), næmi fyrir smærri hljóðeiningum (einstökum fónemum) kemur síðar (Gillon, 2007; Muter, 2006; hér vitnað til Steinunnar Torfadóttur o.fl., 2010).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að börn með þroskaða hljóðavitund átta sig yfirleitt betur en önnur á þeim lögmálum sem eru að verki á milli bókstafs og máhljóðs. Þau eiga auðveldara með að átta sig á því að sérhvert orð er samsett úr röð af hljóðum og að hljóðin eru táknuð með bókstöfum og það er nauðsynleg forsenda þess að læra að lesa (Snow, Burns og Griffin, 1998). Hljóðkerfisvitund fimm til sex ára barna hefur forspárgildi fyrir lestrarfærni þeirra við níu til tíu ára aldur samkvæmt bæði innlendum og erlendum rannsóknum (Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, 2004). Af einstökum þáttum hljóðkerfisvitundar hefur færni við hljóðgreiningu, það er að sundurgreina stök hljóð orða, mesta fylgni við lestrargetu (Muter, Hulme, Snowling og Taylor, 1998; National Reading Panel, 2000).

Góð hlustunarskilyrði í skólum eru nauðsynleg til að hægt sé að þjálfa hlustun og hljóðkerfisvitund og eru nauðsynleg forsenda þess að börn geti einbeitt sér. Ýmislegt bendir til þess að hlustunar- og einbeitingarhæfileikum barna hraki, en erfitt er að færa nákvæmar sönnur á það þar sem viðmiðunarrannsóknir frá fyrri tíð vantar. Ástæður þess gætu meðal



annars verið aukin truflun og hávaði í umhverfi barna á máltökuskeiði, minni málleg samskipti foreldra og barna, aukið sjónvarpsáhorf og aukin áhersla á tölvuleiki í stað hlutverkaleikja barna sem byggjast á mállegum samskiptum (Spooner og Woodcock, 2010).

Allir skólarnir vinna með hlustun, en misskipulega. Algengt er að farið sé í hefðbundna hlustunarleiki, inni og úti, og spiluð hlustunarspil. Hlustun eflist líka í tengslum við söng, sögustundir og samtöl. Tónlistarkennari kemur á Holt einu sinni í viku og er með öllum börnunum í mörgum litlum hópum. Margt af því sem fer fram í þeim stundum þjálfar vel athyglisgáfu barnanna, hlustun og einbeitingu, svo og samhæfingu hugar og handa. Í leikjunum sem farið er í þurfa börnin að fylgjast vel með og bregðast við á réttum stöðum. Það á til dæmis við þegar lesin er saga og hvert barn á að bregðast við með sínu hljóðfæri þegar persónan sem það hefur valið sér í sögunni er nefnd. Það er áberandi í öllum skólunum tíu hve vinnufriður virðist góður og hve lítill hávaði er merkjanlegur innandyrá. Það lítur út fyrir að bæði óformleg og formleg agastjórnunarkerfi á borð við SMT hjálpi til við að skapa góð hlustunarskilyrði í skólunum.

Markvissasta hlustunarþjálfunin í skólunum fer yfirleitt fram með æfingum í sambandi við örvun hljóðkerfisvitundar. Í öllum skólunum er unnið skipulega að því að efla hljóðkerfisvitund barnanna. Í því felst meðal annars að klappa samstöfur í orðum og spjalla um hversu margar þær eru. Gjarnan er byrjað á nöfnum barnanna og er það gert frá fyrstu tíð með yngstu börnunum í flestum skólunum. Síðan fylgja fleiri orð sem unnið er með eða áhersla lögð á hverju sinni.

Mikið er unnið með rím í þar til gerðum æfingum sem ýmist eru fengnar úr verkefnabókum eða eru heimatilbúnar. Margar æfingar eru skemmtilegur leikur eða spil. Á Flúðum og Tjarnarlandi mátti til dæmis sjá skemmtilega rímleiki á myndaspjöldum uppi á vegg. Leikurinn felst í því að para saman myndir af fyrirbærum sem ríma, til dæmis bíl og fíl. Börnin sækja mikið í þennan leik og finnst gaman að rugla myndunum og raða þeim upp á nýtt. Nýta mátti meira söngtexta sem börnin syngja og þulur til að vekja athygli þeirra á ríminu. Það eflir til dæmis rímskyngjun barnanna að leyfa þeim að glíma við að búa til sínar eigin rímuðu þulur, skrifa þær niður eftir börnunum og gera þær sýnilegar og tengja rímið þannig við ritmálið.

Hljóðgreining er líka hluti af þjálfum hljóðkerfisvitundar í skólunum. Þá er byrjað á því að hlusta eftir og vinna með hljóð fremst í orði og síðan hljóð sem orðin enda á. Erfiðast er að greina hljóð inni í orðum og ekki á færi allra leikskólabarna að gera það. Hljóðgreiningin fer fram í fjölbreyttum leikjum og sýndi starfsfólk skólanna mikla útsjónarsemi í þeim efnum. Mikið er um leiki þar sem börnin flokka hluti eftir upphafshljóði eða eiga að finna hluti sem byrja á ákveðnu hljóði. Á Flúðum mátti til dæmis sjá hóp fimm ára barna gróðursetja fræ í bakka og þá var tækifærið nýtt til að spjalla um bókstafi og hljóð sem tengdust því sem verið var að gera. Á Holti reynir starfsfólk líka að vera vakandi fyrir tækifærum sem gefast í dagsins önn til að leika með bókstafi og hljóð og þar hefur starfsfólk

útbúið efni um samstöfur, rím og hljóðgreiningu fyrir mismunandi aldur og sett í möppur sem hægt er að ganga í eftir þörfum.

Liður í hljóðgreiningu er líka að fella burt hljóð úr orðum eða bæta þeim við og skipta um hljóð. Þannig getur til dæmis sól orðið að ól og ól getur orðið ból. Og læra getur líka orðið færa eða særa. Þetta er gert með bæði mynda- og ritmálsstuðningi og mátti sjá það í nokkrum skólanna. Einnig er unnið með sundurgreiningu og samsetningu orða. Tvö orð eru sett saman og úr verður samsett orð. Þannig verða bíll og skúr að bílskúr. En það er líka hægt að taka orð í sundur, gera eitt orð að tveimur. Þannig getur leikskóli orðið að orðunum leikur og skóli. Þetta er gert sýnilegt, meðal annars með því að nota spjöld með orðunum, stökum og samsettum, og viðeigandi myndir með. Sums staðar eru spjöldin á vegg og börnin geta ruglað þeim og raðað aftur saman.

### 3.2.2 Máltjáning og frásagnarhæfni

Mál lærist í samskiptum og samskiptahæfni er hverri manneskju brýn nauðsyn. Málleg samskiptahæfni felst í því að geta notað málið í margvíslegum tilgangi í mismunandi aðstæðum, að geta tekið þátt í samtölum og hafa vald á þeim málsniðum sem dagleg samskipti krefjast, að geta tjáð sig í samfelldu máli og í samræmi við málfræðilegar reglur tungumálsins (Hymes, 1971).

Í samtölum við ung börn í leik og í fjölbreyttu starfi í dagsins önn þurfa leikskólakennarar að styðja við mál barnanna og beita fjölbreyttum aðferðum til að leiða samtölin áfram. Það er meðal annars hægt að gera með því að kennarinn: fyllir inn í setningu barnsins og setur hana í málfræðilegt samhengi; bregst við setningu barnsins og bætir við merkingu eða upplýsingum; endurtekur alla eða hluta sinnar eigin setningar eða barnsins; lýsir athöfnum barnsins og því sem það er að gera; lýsir því sem hann er sjálfur að gera; fylgir setningu barnsins eftir með spurningu; byggir samræðurnar þannig upp að barnið verður að bæta við orði eða orðum til að ljúka við fullyrðinguna. Með þessu móti eykur kennarinn meðal annars orðaforða barnsins og skýrir hugtök, kynnir barninu fleiri möguleika á að tjá sig, kennir barninu málfræði og fjölbreytilega uppbyggingu setninga, þjálfar barnið í að mynda lengri og flóknari setningar og örvar skilning á samhenginu milli einstakra þátta málsins.

Mikilvægur liður í málörvun barna er því að ræða við þau og gefa þeim næg tækifæri til að tjá sig. Börn þurfa meðal annars að læra að taka virkan þátt í samtölum. Þau þurfa að læra að eiga frumkvæði að samtali, taka orðið og halda því í einhvern tíma. Þau þurfa að læra að hlusta á aðra í samtölum, svara viðmælanda sínum í samræmi við umræðuefnið og halda samræðunum áfram. Þau þurfa líka að læra að gera sig skiljanleg með því að leiðrétta misskilning sem upp kemur í samtalinu (Sandvik og Spurkland, 2011). Samtöl byggjast þannig á gagnkvæmum samskiptum. Það þarf mikla þjálfun til að ná tökum á því að segja frá í samhengi þannig að hlustandi sem ekki þekkir efnið geti skilið það sem barnið segir án þess að spyrja spurninga. Barnið þarf að læra að tjá sig óháð aðstæðum, það þarf að geta tekið mið af sjónarhorni viðmælandans og geta sagt frá án þess að viðmælandinn þurfi að spyrja.

Í frásögnum sínum, sem í tilfalli ungra barna fara helst fram í samtölum, er barnið lengi vel háð stuðningi viðmælandans, sem hvetur og fyllir í eyðurnar þegar barnið segir frá. Stuðningurinn er í mörgum stigum, allt frá því að fullorðnir bera alla ábyrgðina og til þess að hlutverkin snúast við þegar barnið er orðið sjö til átta ára. Barnið er í upphafi mjög háð „hér og nú“ aðstæðum þegar það segir frá. Smám saman, með auknum vitrænum og félagslegum þroska, svo og góðri örvun, færast sjónarhornið á „þar og þá“. Þróunin er þannig frá sjálfmiðaðri máltjáningu til máltjáningar sem tekur mið af viðmælandanum. Í því felst að sá sem segir frá er fær um að taka tillit til forsendna og þekkingar viðmælandans á umræðuefninu, hann skynjar líka ef viðmælandinn misskilur það sem hann segir og getur þá umorðað, og hann gerir sér enn fremur grein fyrir því hvort viðmælandinn þurfi meiri upplýsingar til að skilja hvað við er átt (Høigård, 2006).

Munnlegar frásagnir eru grundvallarfrásagnarform. Þegar við segjum frá vinnum við úr reynslu, reynum að skilja og túlka lífið og tilveruna og öðlast yfirsýn. Þetta á jafnt við um það þegar við hlustum og segjum sjálf frá. Það gefur okkur einnig mynd af sjálfum okkur að segja frá, bæði sem einstaklingum og sem þátttakendum í sameiginlegri frásagnarmenningu (Høigård, 2006). Fyrstu frásagnir barna snerta þeirra eigin reynslu og þau eiga auðveldara með að búa slíkar frásagnir í viðeigandi búning en hefðbundnar sögur, ekki síst ef þau nota hjálpartæki, til dæmis brúður. Til að örva frásagnarhæfni er til dæmis gott að tala við barnið um það sem er verið að gera hverju sinni, og einnig það sem á að fara að gera og það sem búið er að gera. Barnið þarf svo líka að fá góð tækifæri til að segja frá.

Frásögn er yfirhugtak fyrir margar gerðir frásagna, skriflegar og munnlegar og með mismunandi málsniði. Flestar frásagnir eiga það þó meðal annars sameiginlegt að segja frá atburðum í tímaröð og að í þeim er atburðarás með hápunkti. Í frásögnum er líka munur á þeim tíma þegar sagan er sögð (nú) og þeim tíma þegar atburðirnir gerðust (þá). Frásagnir eru gjarnan endursögn á atburðum, samtölum, hugsunum og tilsvörum. Auk þess má skipta frásögn í þrjá grundvallarþætti sem varða byggingu, en það eru kynning aðstæðna, atburðarás og sögulok. Börn fá mikilvægar fyrirmyndir að byggingu frásagna þegar fullorðnir lesa fyrir þau og segja þeim sögur og ævintýri eða segja frá hversdagslegum atburðum. Slíkar fyrirmyndir að sögubyggingu, ásamt viðeigandi málnotkun, skipta einnig miklu máli fyrir lestrarnám barna, ekki síst lesskilning og ritfærni. Auk þess þarf barnið að hafa vald á samloðun texta. Samloðun er allt það sem skapar eðlilegt flæði í texta, gerir hann skýran og frásögnina rökrétt. Þar er meðal annars átt við notkun aukasetninga og flóknari tenginga á milli setninga og málsgreina, svo og markvissa notkun fornafna og greinis, einkum tilvísunarfornafna, til að vísa til persóna í textanum. Þegar börn hlusta á sögur kynnast þau viðeigandi málnotkun og fá mikilvægar málfyrirmyndir til að byggja sínar eigin frásagnir á (Høigård, 2006).

Með auknum almennum þroska, einkum vitrænum þroska, félagsþroska og málþroska eykst frásagnarhæfni barna. Þann þroska má örva og efla enn frekar með reynslu af

fjölbreyttum frásögnum í leikskólastarfi, svo og tækifærum barna til að æfa sig í að koma fram og segja frá. Flestir textar sem börn fást við í grunnskóla eru frásagnir af einhverju tagi og því er þekking á byggingu, viðeigandi málnotkun og samloðunaraðferðum frásagna mikilvæg tenging frá talmáli yfir í lestur og ritun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004).

Starfsfólk leikskólanna er vel meðvitað um nauðsyn þess að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig í samtölum við önnur börn og starfsfólk og læra að taka þátt í samtölum. Það segist reyna að tala meira við börnin en til þeirra, en það gangi hins vegar misjafnlega að fylgja því eftir í dagsins önn og það þurfi sífellt að vera að minna sig og hvað annað á að gera það. Vitundin um þetta er mjög mikilvæg því að þá eru meiri líkur á að vel takist til. Í litlum skólum, eins og Tröllaborg þar sem aðeins eru tólf börn, gefast eðlilega góð tækifæri til að ræða við hvert og eitt barn.

Í öllum skólunum er markvisst unnið að því að æfa börnin í að tala fyrir framan aðra, en þau eru ekki þvinguð til þess. Þannig eru börnin fengin til að sjá um að kynna verkefni eða atriði sem fara fram í söngstundum og á sameiginlegum samkomum í skólanum. Æfingin hefst í minni hópum á deildunum og við óformlegri aðstæður og tilefni. Þá eru börnin meira að segja frá því til dæmis hvað þau hafa verið að gera, hvað þau langar til að gera eða hvernig þeim líður. Þá segja þau líka frá sögu sem þau hafa hlustað á, mynd sem þau hafa gert eða svara spurningum sem kennari spyr í tengslum við samræður og vinnu um tileikið efni. Þar læra þau líka að hlusta á meðan aðrir tala og bíða eftir að röðin komi að þeim til að tjá sig.

Á Tröllaborg eru börnin frá fyrstu tíð hvött til að segja frá og þar nýtur skólinn einnig smæðarinnar og þess hve vel börnin þekkjast. Nokkrir skólar hafa komið sér upp púlti sem börnin nota við slík tækifæri og er þeim þá til stuðnings. Púltin geta verið einföld, til dæmis kassi sem stillt er upp á borð, önnur eru hefðbundnari. En það eru líka notaðar fleiri aðferðir til að skapa börnunum öryggi þegar athyglin beinist að þeim. Á Velli er hefð fyrir því, eins og í öðrum skólum Hjallastefnunnar, að teikna eða ímynda sér sól í miðju rýminu þar sem börnin koma saman; það getur verið hvar sem er, til dæmis inni á kjarna (deild), í sal eða jafnvel úti. Markmiðið er að barnið læri smátt og smátt, fyrst með starfsmanni og öðrum börnum og síðar eitt eftir atvikum, að finna til öryggis þegar það stígur inn í sólina. Þannig vex sjálfstraust barnsins og það öðlast kjark og færni til að tjá sig fyrir framan aðra, til að segja frá eða syngja. Í tengslum við þróunarverkefnið *Á vegamótum* á Tjarnarlandi koma eldri borgarar á Egilsstöðum í leikskólann og taka þátt í ýmsum verkefnum og viðburðum með börnunum, en það er liður í samfélagslegum tengslum. Oftast eru heimsóknirnar tengdar ákveðinni dagskrá eða samkomum, til dæmis vorhátíð eða vetrargleði. Þá segja eldri borgararnir börnunum sögur, syngja með þeim, spila við börnin, dansa við þau, spila á harmonikku og segja þeim frá æsku sinni, svo eitthvað sé nefnt. Stundum eru börnin gestgjafar og æfa sig í að koma fram, kynna dagskrána og taka kurteislega á móti gestum sínum. Árlegur viðburður í skólanum er bocciamót með eldri borgurum þar sem yngri og eldri stúlkur etja kappi við yngri og eldri

drengi. Þar er lögð áhersla á að virða reglur og sýna andstæðingnum virðingu, meðal annars í mállegum samskiptum.

Leikræn tjáning er líka liður í starfsemi leikskólanna og fer fram með ýmsu móti. Þá gefast góð tækifæri til að æfa börnin í að koma fram fyrir aðra, bæði þau sem koma fram í æfðum atriðum og þau sem kynna atriðin. Stundum er efnið flutt fyrir hin börnin í leikskólanum eða á sérstökum skemmtunum fyrir foreldra og jafnvel á sérstökum samkomum í samfélaginu. Á hverju ári er sameiginleg skólaskemmtun í leik- og grunnskólanum á Hólum. Þá fá þriggja til fimm ára börnin í Tröllaborg að vera með. Þau fá líka að koma fram og skemmta foreldrum og öðrum gestum. Það þykir sérstaklega spennandi og ekki síður mikil upphefð, því skemmtunin er að kvöldi til. Leikskólabörnin æfa eitt atriði og sýna það saman. Stundum er sungið, farið með þulu og/eða leikið. Starfsfólk merkir vel hvernig kjarkurinn eflist með hverju ári hjá börnunum.

### *3.2.3 Orðaforði og málskilningur.*

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Gerður er greinarmunur á virkum og óvirkum orðaforða. Virki orðaforðinn samanstendur af þeim orðum sem einstaklingurinn notar, en í óvirka orðaforðanum eru þau orð sem einstaklingurinn þekkir og skilur þegar hann rekst á þau. Þó að einstaklingurinn noti orðin í óvirka forðanum sjaldan eða aldrei eru þau miklu fleiri en í virka orðaforðanum. Orðaforði einstaklinga er mjög misjafn og það er hægt að bæta við orðaforðann alla ævi (Sigurður Konráðsson, 2000). Orðaforði er grundvallarþáttur í málskilningi og lesskilningur byggist á góðum málskilningi. Orðaforðinn hefur þannig áhrif á lesskilning og það hefur komið í ljós í rannsóknum að orðaforði leikskólabarna hefur forspárgildi um lesskilning á mið- og unglingsstigi (Scarborough, 2003; Storch og Whitehurst, 2002).

Lengi vel læra börn orð fyrst og fremst í samskiptum við aðra og það á við um börn á leikskólaaldri. Til að byrja með læra börnin orð sem þau heyra notuð í kringum sig og í samskiptum við annað fólk, fyrst og fremst orð yfir persónur og hluti í sínu nánasta umhverfi og sem þau hafa reynslu af sjálf. En þau læra ekki bara orðin heldur merkingu þeirra líka. Með auknum þroska og fjölbreyttri reynslu, sem þau fá með því að taka þátt í leik og starfi með fjölskyldum sínum og í leikskólanum, eykst orðaforðinn hratt. Þá er mikilvægt að uppalendur séu vakandi fyrir því að setja orð á hluti í umhverfi barnsins, sem og athafnir, reynslu, upplifun og tilfinningar, og fylgi því síðan eftir með fjölbreyttum aðferðum.

Áhrifaríkasta leiðin til að efla orðaforða barna er að lesa fyrir þau góðar barnabækur. Börn eiga auðveldara með að læra orð ef þau koma fyrir í sögu en venjulegu mæltu máli, því þá læra þau orðið í samhengi. Fyrstu bækur barna eru oftast bendibækur og aðrar myndabækur með myndum af hlutum sem börnin þekkja úr umhverfi sínu. Bendibækur eru lesnar fyrir börnin þannig að sá sem les bendir á myndirnar og segir orðið yfir það sem er á myndinni og ræðir gjarnan um það við barnið. Smám saman fer barnið svo að benda sjálft og myndast við að segja orðið sem við á. Þarna fara fram mikilvægar samræður foreldris og

barns og í þessu er fólgin mikil málörvun. Orðaforði barnsins og málskilningur eykst og það lærir heilmikið um samtöl og málleg samskipti. Og ekki má gleyma því að þetta er mikil skemmtun. Eftir því sem barnið eldist og þroskast verða myndabækurnar flóknari og meira krefjandi, bæði texti og myndir og samspil þeirra meira og nánara. Táknerfi textans og myndanna síast inn í barnið þegar lesið er fyrir það og myndirnar skoðaðar um leið. Hér eru því tekin mikilvæg skref í þróun læsis, bæði á texta og myndir (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006). Eftir því sem textinn verður lengri og kröfuharðari eykur hann orðaforða barnanna enn frekar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í ritmáli er notaður miklu meiri orðaforði en talmál gefur tilefni til. Sýnt hefur verið fram á það í fjölmörgum rannsóknum að myndabækur, sem lesnar eru fyrir börn og efni þeirra rætt við börnin, séu eitt mikilvægasta verkfærið sem styður við lestrarnám (Justice, Meier og Walpole 2005; Santoro, Chard, Howard og Baker, 2008).

Þegar lesið er fyrir börn um aðstæður og líf sem þau þekkja ekki, eða er þeim framandi, fylgja því gjarnan ný orð yfir hluti og fyrirbæri sem þau þekktu ekki áður. Sum þessara orða skipa sér í óvirka orðaforðann af því að aðstæður bjóða ekki upp á umræður um þetta tiltekna efni í daglegu lífi barnanna. En hafi þau skilið merkingu þeirra geta þau gripið til þeirra síðar ef þau þurfa á því að halda. Og jafnvel þó þau skilji ekki hvað orðin merkja svífa þau um í óvirka forðanum og bíða þess að merkingin ljúkist upp. Svo má ekki gleyma því að börn skilja líka sínum skilningi, þau leita að og skapa merkingu og reyna þannig að fá vit í það sem þau heyra.

Þróaðar hafa verið leiðir til að auka orðaforða barna í tengslum við sögulestur og eru þær smám saman að ryðja sér til rúms í leikskólastarfi. Má þar meðal annars nefna samræðulestur og orðaspjall. Samræðulestur (*e. dialogic reading*) felst í því að virkja börnin með samtölum þegar myndabækur eru lesnar fyrir þau. Skilyrði er að þau sjái myndirnar um leið og lesið er, enda er samspil mynda og texta í myndabókum grundvallareinkenni þeirra og hjálpar til við skilning á einstökum orðum, efni og samhengi sögunnar (sjá Arnold, Lonigan, Whitehurst & Epstein, 1994; Lonigan & Whitehurst, 1998; Whitehurst, Epstein o.fl., 1994; Whitehurst, Falco o.fl., 1988; Zevenbergen & Whitehurst, 2003; hér vitnað til Nygaard Jensen, 2007). Orðaspjall (*e. text talk*) byggist einnig á því að efla orðaforða (Beck, McKeown & Kucan, 2002; sjá einnig Árdísi Hrönn Jónsdóttur, 2008). Aðferðirnar eru í grundvallaratriðum svipaðar og eru þróaðar í kjölfar fjölmargra rannsókna sem sýna fram á mikilvægi orðaforða fyrir mál- og lesskilning. Megináherslan er því lögð á að auka orðaforða, sama sagan er lesin nokkrum sinnum og unnið er með orð í lesnum sögum eftir ákveðnum aðferðum. Aðferðirnar byggjast einnig á samræðum og þjálfu þannig hlustunarskilning. Þegar unnið er með orðin í tengslum við söguefnið, sem og í öðru samhengi, eflist einnig frásagnarhæfni.

Málskilningur barna er háður reynslu og samhengi. Því er mikilvægt að börn hitti orð í mismunandi aðstæðum og samhengi, það eflir skilninginn á orðinu og festir það betur í minni. Til þess að þróa skilning á atburðum og geta nefnt þá þurfa börn að heyra, sjá og gera sjálf og þau þurfa að tengja nýja reynslu við fyrri þekkingu. Þau þurfa líka að fá tækifæri til að nota ný

orð, sem þau hafa lært, í viðeigandi samhengi til að festa þau betur í minni. Þannig eru nán tengsl á milli máls og þekkingar, skilnings og tjáningar.

Starfsfólk skólanna segist vera vakandi fyrir því að setja orð á athafnir og reynslu barnanna í dagsins önn. Hefð er fyrir því að kenna yngri börnunum heiti á til dæmis litum, líkamshlutum og fjölskyldunni ásamt fleiru sem tengist börnunum sjálfum og nærumhverfi þeirra. Löng hefð er fyrir fjölbreyttri þemavinnu í leikskólastarfi en misjafnt hversu markviss vinna með málörvun, þar með talið orðaforða, fer fram í tengslum við þá vinnu. Margir skólar vinna þemavinnu um vináttu og þá gefst gott tækifæri til að tala um tilfinningar og læra ný orð yfir mismunandi líðan. Vettvangsferðir eru líka fastur liður í öllum leikskólum og útikennsla færast í vöxt. Margir skólar vinna með nærumhverfi sitt og vettvangsferðir eru liður í slíku starfi. Börnin heimsækja stofnanir og fyrirtæki og læra heiti á húsum, fyrirtækjum og örnefnum í náttúrunni, til dæmis fjöllumum í kring. Í skapandi starfi, sem gjarnan fylgir í kjölfar vettvangsferða, merkja börn oft verk sín með nýjum orðum sem þau hafa lært og í umræðum og upprifjun á ferðinni þurfa börnin að nota þessi nýju orð. Þetta er því oft og tíðum góð ritmálsörvun og mikilvægur liður í lestrarnámi.

Liður í þróunarverkefninu *Á vegamótum* í leikskólanum Tjarnarlandi er að börnin fara í sögugöngu um bæinn sinn í fylgd eldri borgara sem segja börnunum frá ýmsu sem tengist lífi þeirra og starfi í bænum fyrr og nú. Í þessum ferðum upplifa börnin fjölbreytta og lifandi málnotkun í samskiptum sínum við leiðsögufólkið og læra ný orð. Í því skapandi starfi sem fylgir í kjölfar sögugöngunnar gera börnin meðal annars stórt götukort af bænum og setja inn á það upplýsingar eins og götuheiti, örnefni, heimili barnanna, fyrirtæki og stofnanir. Kortið hvetur til umræðna um umhverfið og samfélagið og til þess nýta börnin meðal annars nýju orðin sem þau hafa lært. Auk þess ýtir vinnan við kortið og merkingarnar undir lestrarnám því börnin velta fyrir sér örnefnum og heitum á húsum, götum og fyrirtækjum og skrifa þau, ýmist sjálf eða með hjálp.

Annað ársisst verkefni sem unnið er með börnunum á Tjarnarlandi, og einnig er liður í að efla þekkingu þeirra á umhverfi sínu, er vinna með þjóðsöguna um Lagarfljótsorminn. Þjóðsagan um tilurð Lagarfljótsormsins er lesin fyrir börnin og síðan unnið með söguna á fjölbreyttan hátt í skapandi starfi. Slíkri vinnu fylgja alltaf ný orð, hvort sem um er að ræða orð í sögunni eða í tengslum við vinnuna með hana. Afrakstur vinnunnar er meðal annars myndverk af ýmsu tagi sem fá að standa um lengri tíma, til dæmis á veggjum eða borðum. Þá er gjarnan skrifað inn á þau, eða við þau, lýsandi texti, setningar, orð eða örnefni sem festast þá betur í minni, einkum ef sagan og vinnan er rifjuð upp, til dæmis í samtölum við foreldra sem koma og skoða vinnu barnanna.

Þegar gaus í Eyjafjallajökli árið 2010 fengu mörg börnin eðlilega mikinn áhuga á að kynna sér eldgos. Jarðfræðingur úr hópi foreldra kom þá í heimsókn á Tjarnarland til að segja börnunum frá eldgosum og börnin unnu myndverk um eldgos. Starfsfólk skrifaði svo hugmyndir og hugleiðingar barnanna um viðfangsefnið á tölvu, prentaði út og límdi á

viðeigandi stað á myndverkinu sem hangir uppi á vegg. Þar má meðal annars sjá orð sem tengjast eldgosum og börnin hafa væntanlega lært í samtölum sínum við jarðfræðinginn og starfsfólk.

Fleiri leikskólar vinna hliðstæð vettvangs- og þemaverkefni sem efla orðaforða og skilning á eðli og tilgangi ritmáls. Til dæmis hafa á Tjarnarseli verið unnin skemmtileg verkefni um listaverk bæjarins, meðal annars með áherslu á orðaforða og ritmálsörvun. Fjögra ára börnin á Kiðagili fara líka í vettvangsferðir og vinna verkefni um bæinn sinn. Þau heimsækja fyrirtæki og stofnanir í bænum, til dæmis slökkvistöðina eða lögreglustöðina, og búa svo til líkón af húsunum, merkja þau og setja inn á kort af bænum. Á Holti er könnunaraðferðin notuð sem leið til að læra og börnin rannsaka ýmislegt sem þau eru að fást við með því að fara í vettvangsferðir.

### 3.2.4 Barnabókmenntir

Barnabókmenntir þjóna málörvun á margvíslegan annan hátt en að auka orðaforða. Börn læra mikið, mest ómeðvitað, um mál og ritmál þegar lesið er fyrir þau og sú vitneskja sem þannig síast inn er nauðsynleg forsenda læsis. Einn mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun er því að lesa fyrir börn og að venja þau við bækur og ritmál. Það skapar jákvætt viðhorf til bóka og lesturs að lesa fyrir börn og þannig fá þau fyrirmynd að því hvernig þjálfaður lesandi ber sig að. Það hvetur líka börn og styður tilraunir þeirra til að lesa sjálf (Vukelich og Cristie 2004). Þegar lesið er fyrir börn átta þau sig smám saman á lestraráttinni, frá vinstri til hægri, og að lesið er ofan frá og niður hverja síðu og að hver blaðsíða er lesin á eftir annarri, frá upphafi bókar til enda, og að það má lesa textann aftur og aftur. Ekkert er því jafn áhrifamikið og lestur barnabóka fyrir börn til að efla skilning þeirra á eðli og tilgangi ritmáls, það er að ritmál hefur merkingu.

Tilfinningin fyrir uppbyggingu setninga og málsgreina, svo og hljómfalli málsins, þroskast þegar lesið er. Nauðsynlegt er að hafa góða tilfinningu fyrir því hvað er setning og hvernig orðum er raðað í setningar þegar fengist er við ritun. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa góða tilfinningu fyrir því hvernig setningar tengjast og raðast í málsgreinar, hvenær málsgrein byrjar, hvenær henni lýkur og ný tekur við. Lestur eykur einnig tilfinningu barna fyrir fjölbreyttri málnotkun og ólíkum blæbrigðum sem þau kynnast síður í daglegu máli. Þetta á meðal annars við um ólík málsnið og fjölbreyttan stíl í rituðu máli. Barnabækur gefa börnum góðar fyrirmyndir að sögubyggingu og frásagnarefni sem skilar sér í þeirra eigin sögum og leik. Hlutverkaleikur byggist meðal annars á því að börnin búi til sögur og nýti sér þann orðaforða og málsnið sem við á. Í slíkum leik tjá börn sig iðulega frjálsgar og í ítarlegra og fjölbreyttara máli en þegar sagt er frá við aðrar aðstæður.

Efni barnabóka gefur oft tilefni til að fást við tölur, flokkun, samanburð, skipulag, útdrátt og mat á ýmsum viðfangsefnum. Fjölbreytt viðfangsefni auka þekkingu barna á heiminum og veita þeim margvíslega sýn á veröldina. Það ýtir undir ímyndunaraflíð og getur gefið börnum góðar hugmyndir sem hvetja þau til að kanna ýmislegt á eigin spýtur.



Vangaveltur og umræður um efni og persónur barnabóka gefa samtölum innihald og þroska málskilning og hæfileikann til að hugsa og eiga málleg samskipti.

Það er mikilvægt að hafa í huga að málörvunarhlutverk barnabóka er fráleitt eina hlutverk þeirra. Menntunar- og menningarhlutverk þeirra er ekki síður mikilvægt. Barnabækur eru mikilvægur þáttur í barnamenningu sem ekkert barn má fara á mis við og barnamenning er hluti af sameiginlegri menningarreynslu kynslóðanna sem öllum er mikilvægt að eiga aðild að (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006). Lestrarstundir hafa auk þess gildi í sjálfu sér. Þær eiga því að vera ánægjuleg upplifun sem veitir barninu nánd, hlýju og öryggi. Barnið þarf líka að fá frið til að njóta góðrar sögu, samsama sig persónum og lifa sig inn í aðstæður og tilfinningar persónanna. Flestir skólanna leggja mikla áherslu á barnabækur, kenna börnunum að umgangast þær og bera virðingu fyrir þeim. Þó fjölbreytt starf sé unnið í tengslum við bækur og sögur er góður skilningur á því að lestur barnabóka fyrir börn á fyrst og fremst að vera ánægjuleg stund.

Ekki er unnt að fjalla um allt það góða starf sem unnið er með barnabækur í leikskólunum tíu. Hér á eftir verða því gefin dæmi um vinnu með barnabækur í leikskólunum Arnarbergi, Tjarnarseli og Ægisborg. Það er þó alls ekki tæmandi umfjöllun um bókmenntastarf þessara þriggja skóla og auk þess er unnið gott starf á þessu sviði í hinum skólunum líka.

### **Arnarberg**

Á Arnarbergi er löng hefð fyrir sérstakri áherslu á barnabækur í skólastarfinu og þar er því gott bókasafn. Sú áhersla sem þar er lögð á barnabókmenntir hefur meðal annars orðið til þess að foreldrar eru duglegir að gefa skólanum bækur, til dæmis í tilefni af útskrift barnanna. Foreldrar eru líka duglegir að lána leikskólanum bækur til að auka fjölbreytnina. Foreldrafélagið gefur hverju barni bók á jólaballinu í staðinn fyrir sælgæti og þekkt slíkt fyrirkomulag í fleiri skólum, til dæmis á Holti. Farið er með öll börnin á Arnarbergi, nema þau yngstu, einu sinni í mánuði í skipulegar heimsóknir í bókasafnið þar sem lesið er fyrir börnin og þau geta fengið lánaðar bækur. Starfsfólk hefur orðið vart við að börnin fara mikið á bókasafnið þess utan með foreldrum sínum, sérstaklega eftir að þróunarverkefnið fór af stað. Börnin sækja mikið í að skoða bækur í öllum biðtíma, ekki síður yngstu börnin en þau eldri.

Í lestrarstundum er spjallað um einstök orð og orðasambönd og þau gjarnan skrifuð á renninga og hengd upp á vegg. Reynt er að fylgja orðunum síðan eftir í öðru samhengi. Starfsfólk Arnarbergs fór nýlega í námsferð til Skotlands og kynntist þá þeirri hugmynd að setja bók í poka og nokkur tuskudýr eða brúður sem tengjast sögunni. Á meðan sagan er lesin eða sögð mega börnin handfjatla tuskubrúðurnar og leika og tala fyrir þær. Það veitir börnunum aukið sjálfstraust að tala þannig fyrir persónurnar og auðveldar þeim að tjá sig um söguna. Þau verða óhræddari við að nýta sér það málsnið sem við á og það eflir frásagnarhæfni og málskilning, auk þess sem slík innlifun krefst bæði einbeitingar og virkrar hlustunar.

Stundum eru líka notuð matsblöð eftir lestur bóka og börnunum gefst þá tækifæri til að tjá með bros- eða skeifukarli hvernig þeim líkaði sagan. Það hentar yngri börnunum vel. Haldið er upp á sérstaka daga sem tengjast bókum, meðal annars alþjóðlega bókadaginn. Þá eru til dæmis lesnar bækur eftir ákveðna höfunda og börnin hvött til að koma með bækur þeirra í skólann ef þau eiga þær heima. Starfsfólk gerir nokkuð af því að segja börnunum sögur, ekki síst yngstu börnunum. Oft er byrjað á því að segja þeim sögu sem síðar er lesin og stundum verður hún uppistaða í leikriti.

## Tjarnarsel

Barnabækur skipa einnig öndvegi í leikskólastarfinu á Tjarnarseli. Skólinn á því gott safn barnabóka og börnin hafa góðan aðgang að bókum um fjölbreytt viðfangsefni, bæði inni á sinni deild og í alrými þar sem þau geta sest niður með bók. Sérstakur starfsmaður heldur utan um bókakostinn í skólanum, lagar til í safninu og gerir við bækur. Blómlegt starf hefur verið í tengslum við þróunarverkefnið *Bók í hönd og þér halda engin bönd* til að efla mál- og læsisþroska með bóklestri.

Það er mikið lesið fyrir börnin í Tjarnarseli, enda er það hluti af þróunarverkefninu. Starfsfólk lítur á barnabækurnar sem námsgögn jafnt sem uppsprettu ánægju. Lesið er fyrir börnin í litlum hópum og þau fá að vera virkir þátttakendur í lestrarstundum. Þau fá að spyrja og eru líka spurð á meðan lesið er og ekki er gerð krafa um að allir sitji kyrrir svo fremi börnin séu að hlusta og trufla ekki. Það er markmið orðaspjallsaðferðarinnar að auka orðaforða og efla hlustunarskilning. Staldráð er við einstök orð í sögunni sem lesin er. Spjallað er um orðið og það fylgir börnunum úr sögustundinni í annað starf og leik í skólanum og líka heim. Þannig eru viðkomandi orð sett í fjölbreytt samhengi svo þau skiljist betur og festist í minni. Börnin eru oft minnt á þau, fá að leika sér með þau og orðin eru skrifuð á spjöld og sett upp á vegg. Með því að auka þannig orðaforða og efla hlustunarskilning barnanna er verið að efla málskilning þeirra sem aftur er undirstaða lesskilnings.

Börnin í Tjarnarseli koma með bækur að heiman, eitt barn á dag, og eru bækurnar þeirra lesnar og ræddar í skólanum. Starfsfólk Tjarnarsels hefur einnig farið í námsferð til Skotlands og kynnt sér sögupoka. Það hefur þróað aðferðina og börnin fá að fara heim með bækur í sérstökum Sögupoka. Í Sögupokanum er bók, einhver efniviður sem tengist efni bókarinnar og jafnvel eitthvað sem fræðir foreldra. Það kemur líka reglulega bókakoffort frá bókasafninu svo börnin í Tjarnarseli kynnast fjölbreyttum bókakosti, þau hafa greiðan aðgang að bókunum og geta því oft valið að taka sér bók í hönd. Börnin taka líka bækur með sér í vettvangsferðir og þær eru lesnar úti. Hver hópur á sinn bakpoka í slíkar ferðir. Loðtafla er mikið nýtt í skólanum þegar lesið er og það er góð leið til að virkja börnin.

Haldið er upp á dag bókarinnar og alþjóðlega bókadaginn á Tjarnarseli með fjölbreyttum hætti til að vekja enn frekar áhuga og athygli á barnabókum. Stundum koma foreldrar, ömmur, afar og þekktir einstaklingar úr bæjarlífinu í heimsókn og lesa fyrir börnin upp úr uppáhaldsbarnabókinni sinni og spjalla við nemendur um bókina og ýmislegt fleira.

## Ægisborg

Þriðji skólinn sem hefur lagt ríka áherslu á að lesa fyrir börn og vinna með barnabækur, einkum í tengslum við ritmálsörvun og bókagerð, er Ægisborg. Þar bætir starfsfólk sér upp fremur lítinn bókakost í leikskólanum með því að útvega sér bækur sjálft, til dæmis með því að fara á bókasöfn. Farið er með börnin af og til á bókasafn en engin regla er á þeim heimsóknunum. Það er mikið lesið fyrir öll börnin í leikskólanum, bæði í sérstökum lestrarstundum og í hvíldinni, og reynt er að taka góðan tíma í lesturinn. Starfsfólk er meðvitað um að lesa vandaðar og krefjandi bækur og spjalla við börnin um efni þeirra, framvindu í sögunni, svo og einstök orð og orðasambönd sem koma fyrir. Börnin fá að taka þátt í sögustundunum með því til dæmis að geta upp á því hvað muni gerast næst í sögunni þegar lestrinum sleppir. Hugmyndir barnanna um það eru þá stundum skrifaðar á flettistöflu og rifjaðar upp þegar lesið er næst.

Markvisst starf með barnabækur frá því börnin koma fyrst í leikskólann hefur skilað sér í því að fyrir elstu börnin er hægt að lesa mjög krefjandi bækur og í langan tíma í einu. Framhaldssaga er lesin í hvíldinni, stundum í allt að 45 mínútur fyrir elstu börnin. Dæmi um krefjandi framhaldssögur sem lesnar eru fyrir elstu börnin eru *Bróðir minn Ljónshjarta* eftir Astrid Lindgren, *Blái hnötturinn* eftir Andra Snæ Magnason og *Benjamín dúfa* eftir Friðrik Erlingsson.

Á degi íslenskrar tungu kemur venjulega barnabókahöfundur og les fyrir börnin úr bókum sínum, en stundum kemur leikari og les fyrir þau. Talsvert er gert af því að segja börnunum sögur, meðal annars gamlar þjóðsögur. Einn starfsmaður hefur sérhæft sig í þessu og segir sögur á öllum deildum skólans. Þá gefst oft gott tækifæri til skapandi máltjáningar með börnunum.

Áður en skilið er við barnabækurnar skal minnst á nokkrar góðar hugmyndir í starfsemi annarra skóla. Aðferðir í tengslum við bóklestur, sem taka mið af samræðum og orðaspjalli, eru tíðkaðar í nokkrum öðrum skólum þó þeim sé ekki fylgt nákvæmlega, til dæmis á Hæðarbóli og Holti. Á Kiðagili er unnið með lykilorð í tengslum við sögur sem lesnar eru og þau skrifuð á renninga sem börnin geta síðan notað sem fyrirmyndir til að skrifa eftir. Þá skal þess getið að fleiri skólar fá barnabókahöfunda í heimsókn. Sigrún Eldjárn og Áslaug Jónsdóttir hafa til dæmis komið á Holt á degi íslenskrar tungu. Á Tjarnarlandi er bókaþema í upphafi hvers árs. Þá koma börnin með bók að heiman í sérstökum bókaþoka og skiptast á að vera bókaþrins eða bókaþrinsessa. Þau kynna bókina og kennarinn les hana. Þá er meðal annars lögð áhersla á að vekja athygli barnanna á ýmsum hugtökum sem tengjast bókum sem sérstöku fyrirbæri, til dæmis bókaþema, forsíða, opna, kjölur o.fl.

### 3.2.5 Söngur og kveðskapur

Rík hefð er fyrir söngstundum í leikskólastarfi og vinnu í tengslum við þulur og kveðskap sem ekki endilega er sunginn. Allir tíu skólarnir hafa sérstakar söngstundir, oft tengdar viku-

eða mánaðarlegum samverustundum barnanna í skólanum. Þá eru iðulega valin fyrirfram ákveðin lög sem allir syngja saman eða hver deild flytur. Þau lög eru þá æfð á deildunum fyrir samkomuna. Oft eru textarnir tengdir árstíðum, hátíðum eins og jólum, eða ákveðnum þemum, til dæmis dýrum. Söngtextar eru oftast hefðbundinn kveðskapur með háttbundinni hrynjandi og rími. Orðaröð og orðaforði er frábrugðinn því sem tíðkast í lausu máli. Í ljóðum er meðal annars beitt áhrifamætti máhljóðanna og hljómfalli tungumálsins til að leggja réttar áherslur og skapa hughrif. Algengt er í skólunum að athygli sé vakin á einstökum orðum í söngtextunum og þau útskýrð og í sumum skólum er unnið með rímið í textunum, enda tengist það þjálfun hljóðkerfisvitundar. Rannsóknir sýna að því meira sem börn kunna af rímuðum kveðskap, þeim mun betur gengur þeim að þekkja máhljóð og læra að lesa, auk þess sem orðaforði þeirra eykst (Bryant 1990; Bryant o.fl., 1989; Maclean o.fl., 1987; Zehm, 1975; hér vitnað til Ragnars Inga Aðalsteinssonar, 2005). Þannig eflist orðaforði og hljóðkerfisvitund, en einnig framburður og ekki síst málskilningur og vitundin um bundið mál og einkenni þess, þegar unnið er markvisst með kveðskap.

Í flestum skólanna er sungið á hverjum degi inni á deild. Í leikskólanum Velli byrja allir dagar á söng og á Tröllaborg er líka sungið á hverjum degi í samverustund og þá eru öll tólf börnin í leikskólanum saman. Gefnar hafa verið út veglegar söngbækur á Tröllaborg, Tjarnarseli og Velli, en þar er líka til sérstök söngbók Hjallastefnunnar. Á Hæðarbóli fer málörvunin mikið fram í gegnum söng, reynt er að velja góða söngtexta og þar er gjarnan leikið undir á hljóðfæri. Á Ægisborg má sjá myndskreytta söngtexta á veggjum og þar er líka unnið mikið með ljóð þó þau séu ekki sungin, til dæmis eftir Þórarín Eldjárn. Bækur hans eru til í skólanum og einn starfsmaður hefur kveðið með börnunum úr bók hans *Gælur, fælur og þvælur*. Á Tjarnarlandi er meðal annars lögð áhersla á að söngur og söngtextar séu þáttur í mikilvægri menningu og börnin kynnist fjölbreyttum textum og ljóðformum. Einnig er mikið unnið með þulur í flestum skólunum, til dæmis á Flúðum, Hæðarbóli og Tröllaborg, bæði efni og form, ekki síst rímið.

### 3.2.6 Málörvun barna sem þurfa sérkennslu og barna af erlendum uppruna

Í flestum leikskólanna er töluvert um að börn þurfi sérkennslu vegna seinkunar í málþroska eða málþroskaröskunar af einhverju tagi og í sumum skólunum merkti starfsfólk aukna þörf fyrir sérkennslu tengda málörvun. Þau börn eru þá tekin sérstaklega út úr hópnum og sérkennari vinnur með þau ein eða í litlum hópi með málörvandi verkefni, en einnig er verkefnunum komið inn í stærri hópa með öllum börnunum.

Það eru ekki mörg börn af erlendum uppruna í þessum tíu skólum og yfirleitt er ekki unnið sérstaklega með málörvun þeirra, en í nokkrum tilfellum eru þau tekin með í minni hópa með börnum sem þurfa sérstaka málörvun. Starfsfólk í flestum skólunum gæti nýtt sér, í meira mæli en gert er, aðgengilegt vefefni á íslensku um málörvun tvítyngdra barna á vefnum *Fjölmennungur í leikskóla*.

### 3.3 Lestrarnám í leikskóla

Þegar barn lærir mál hefur það enga hugmynd um málið sem fyrirbæri og allar skilgreiningar sem barnið gerir sér um málið eru ómeðvitaðar. En þegar barn lærir ritmál verður það að hafa hugmynd um málið sem sérstakt fyrirbæri, fyrst og fremst vitund um formið (vitund um mállhljóð, orðhluta, orð, merkingu, setningu, texta og hvað á við hverju sinni). Skilningur á máli sem sérstöku fyrirbæri felst í því að geta talað um mál eins og önnur fyrirbæri sem eru til (Høgård, 2006).

Góður almennur málþroski er barninu nauðsynlegur til að takast á við lestrarnámið og margt af því sem almenn og markviss málörvun felur í sér eflir skilning barna á málinu sem sérstöku fyrirbæri, til dæmis lestur barnabóka, markviss vinna með orðaforða og hljóðkerfisvitund, leikur að orðum, frásagnir og ritun. Það er fyrst og fremst áhugi barnsins og innri hvöt sem drífur það áfram í lestrarnáminu. Þess vegna þurfa leikskólabörn örvun sem nær bæði til málumhverfisins og alls starfsins í skólanum. Leikur að talmáli og ritmáli þarf að vera skemmtilegur og áhugavekjandi.

Það er stundum talað um að þegar börn hafi uppgötvað samhengið á milli mállhljóðs og bókstafs hafi þau *leyst ritmálslykilinn* (Høgård, 2006). Þá hafa þau skilið að mállhljóð er hægt að tákna með bókstöfum og bókstafina má lesa og fá þannig að vita hvað skrifað stendur. Þetta er stórt stökk fram á við í ritmálsþroska og þróun læsis því að í rituðu máli verður talmálið sýnilegt. Það er þó ekki nauðsynlegt að barnið sé búíð að leysa ritmálslykilinn til að það geti byrjað að gera tilraunir með ritmálið. Það gerist gjarnan í leik.

Lestur og ritun eru náskyldir þættir þótt um ólík ferli sé að ræða. Venjulega er það þannig að framför í öðrum þættinum leiðir til framfara í hinum. Nú er almennt álitnið að börn byrji að þróa ritun við tveggja ára aldur og að margt sé líkt með því að tileinka sér mál og að tileinka sér ritmál. Rannsóknir á tilraunum barna með ritun og lestur, þegar þau „skrifa“ eða „lesa“ bók, hafa leitt ýmislegt í ljós um það hvað gerist þegar börn rannsaka, skilgreina og tileinka sér ritmál. Nú er ekki lengur talað um að kenna börnum ritmál, heldur er gengið út frá barninu og talað um að barn tileinki sér ritmál og þrói með sér ritmál (Høgård, 2006). Líkt og málið þróast ritun og ritfærni á löngum tíma samhliða öðrum þroskaþáttum barnsins. Og rétt eins og börn vita heilmikið um mál áður en þau geta tjáð sig að ráði vita þau heilmikið um tilgang skriftar löngu áður en þau geta skrifað sjálf með réttum táknum. Það gildir bæði um talmálið og ritmálið að málkerfið lærist með því að nota málið.

Börn tileinka sér ritmálið með því að fylgjast með þeim sem kunna og síðan gera þau sjálfstæðar tilraunir og prófa sig áfram. Þau skilgreina skrift bæði meðvitað og ómeðvitað, búa sér til reglur og tilgátur sem þau prófa síðan í eigin ritun og í samtölum um ritmálið. Rétt eins og börn læra að tala í mállegum samskiptum lærist ritmálið einnig með því að taka þátt í ritmálssamskiptum við aðra, meðal annars í leik (Høgård, 2006). Í tilraunum sínum líkja þau eftir skrift með ýmsu móti og biðja einhvern að lesa það fyrir sig. Það gefur mikilvæg

tækifæri til að tala við börn um málið sem fyrirbæri, fyrst og fremst um orðin. Með auknum þroska og reynslu lagast reglurnar síðan að þeim reglum sem gilda í ritmálinu.

Rannsóknir á ritun barna sýna ákveðna þróun í ritmálsþroska þeirra og að samvinnuritun (e. *shared writing*), það er að skrifa niður frásagnir barnsins og lesa síðan fyrir það og leyfa því sjálfu að lesa sinn eigin texta, hefur reynst mjög árangursrík aðferð til að tengja saman talmál og ritmál. Barnið fær með því tækifæri til að lesa texta byggðan á eigin talmáli og það hjálpar barninu að átta sig á því að það sem það segir má skrifa niður og lesa síðan upphátt aftur og aftur (Vukelich og Cristie, 2004).

Í öllum leikskólunum er lögð rík áhersla á að lestrarnámið fari fram í leik, en það er að öðru leyti mjög misjafnt hvernig leikurinn er nýttur í þeirri vinnu og hversu stýrður hann er. Flestir stjórnendur og starfsmenn líta svo á að ekki sé um formlega lestrarkennslu að ræða í skólunum. Það á þó ekki við um skólana Kiðagil, Tjarnarsel og Völl þar sem skýrt er talað um lestrarkennslu og markmið í þeim efnum. Mjög misjafnt er hvaða heiti er sett á lestrarnámið, sums staðar er það kallað leikskólalæsi, annars staðar byrjendalæsi eða bernskulæsi.

Allir skólarnir eiga einhverjar af þeim kennslu- og verkefnabókum sem út hafa komið á undanförunum árum og eru ætlaðar leikskólastiginu. Þar má nefna: *Markviss málörvun* (1999), *Ljáðu mér eyra* (2001/2010), *Lærum og leikum með hljóðin* (2008), *Ég get lesið* (2007) og *Lubbi finnur málbein* (2009). Í þessum bókum eru verkefni og hjálpargögn til að þjálfa hljóðkerfisvitund og kenna börnum bókstafi og hljóð. Starfsfólk útfærir efnið að nokkru leyti sjálf og reynir að gera það sem mest í leik og hópastarfi. Nokkuð er um að starfsfólk hafi farið á námskeið hjá höfundum þessara bóka eða öðrum sérfræðingum um lestrarnám barna. Allir skólarnir nýta sér skimunarprófið *Hljóm-2* fyrir elstu börnin að hausti síðasta árið þeirra í leikskólanum og að vori fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.

### 3.3.1 Mállhljóð og bókstafir

Það er hluti af læsis- og ritmálsörvandi umhverfi að hafa bókstafi sýnilega í leikskólanum. Í flestum skólunum er stafrófið uppi á vegg á öllum deildum, en það er líka til að bókstafirnir komi upp eftir því sem þeir eru lagðir inn hjá elstu börnunum. Sums staðar er reynt að gera bókstafina spennandi með því að koma þeim skemmtilega fyrir á veggjunum. Á Arnarbergi mynda þeir til dæmis hala á dreka sem lengist og lengist eftir því sem stafirnir eru lagðir inn.

Mikið er unnið út frá áhuga barnanna á bókstöfum, einkum áhuga þeirra á sínum eigin bókstaf og nafni. Er þá reynt að læða hljóðum stafanna að og byrja að vinna með hljóðin í tengslum við fleiri orð. Í flestum skólanna hafa börnin aðgang að spjöldum með nöfnunum sínum sem þau geta gengið í að vild og notað til að fara eftir þegar þau vilja skrifa nafnið sitt, til dæmis á myndir eða annað sem þau vilja merkja sér. Það sama á við um staka bókstafi í ýmsu formi sem börnin hafa frjálstan aðgang að og geta leikið sér með og raðað saman að vild. Á Hæðarbóli fengu börnin til dæmis trjábút í útikennslu sem þau þússuðu með sandpappír og skrifuðu svo bókstaf á hann. Trjábúturnir voru settir í kassa sem börnin hafa aðgang að og mega leika sér með í frjálsum leik. Verðlaus efniviður er mikið nýttur á fjölbreyttan hátt sem

leikefni í tengslum við læsis- og ritmálsörvun í flestum skólanna. Dæmi um það eru dagblöð, en þar má finna bókstafi af ýmsum stærðum og gerðum. Á Kiðagili mátti sjá nokkur börn í hópastarfi klippa út orð úr dagblaði sem byrja á tilteknum bókstaf og líma á blað.

Yfirleitt eru bókstafirnir ekki lagðir skipulega og formlega inn með viðeigandi hljóðgildi fyrr en hjá elstu börnunum og þá er líka unnið markvisst að því að kenna börnunum að skrifa bókstafinn. Það þekktist þó að þetta sé gert fyrr, til dæmis á Kiðagili þar sem byrjað er að vinna skipulega með hljóðgreiningu í tengslum við bókstafi með fjöggra ára börnunum og þau læra bæði lítinn og stóran staf. Þó að í fleiri skólum tíðkist að leika sér með hljóðgildi bókstafanna fyrr en hjá elstu börnunum er það sjaldnast markvisst tengt stafainnlögn.

Bókstafirnir eru yfirleitt ekki lagðir inn í tiltekinni röð í samræmi við lestrarkennsluaðferðina sem nefnd er hljóðaaðferðin, þó hún liggi að öðru leyti til grundvallar í kennslunni. Í flestum skólunum er reynt að vinna sem mest með stafina í gegnum fjölbreytta leiki og skapandi starf. Börnin fá til dæmis að forma bókstafina í leir og annað auðmótanlegt efni og áður hefur verið minnst á fjölbreytta leiki með hljóð. Misjafnt er í hve miklum mæli skólarnir nota tilbúna forskriftar- og vinnubækur til að æfa skrift og ritun barnanna. Sumir vilja síður nota slíkar bækur, finnst það of formlegt og grunnskólalegt, og vilja heldur að börnin læri og æfi sig við óformlegri aðstæður, af eigin hvötum og áhuga. Aðrir velja því fyrir sér hvort það sé ekki mikilvægt að leiðbeina börnunum strax með réttar aðferðir við að skrifa bókstafina og enn aðrir hafa tekið af skarið og gera það. Í flestum skólunum hafa börnin aðgang að forskriftar- og verkefnablöðum af einhverju tagi sem þau geta valið í valstundum eða gengið í þegar þau vilja og er það yfirleitt mjög vinsælt hjá börnunum.

Í leikskólunum Kiðagili, Tjarnarseli og Velli er talað opinskátt um lestrarkennslu og hún er að ýmsu leyti formlegri og skipulegri en í sumum hinna skólanna. En þar er jafnframt lögð mikil áhersla á að lestrarnámið fari fram í leik og á forsendum barnanna sjálfra og segist starfsfólk þessara skóla ekki eiga í neinum vandræðum með að vinna eftir hugmyndafræði leikskólans í þeim efnum. Sumt starfsfólk á Tjarnarseli og Velli hefur farið á námskeið hjá Helgu Sigurjónsdóttur, sem hefur sérhæft sig í lestrarkennslu fimm ára barna, og nokkrir starfsmenn á Kiðagili hafa sótt námskeið í byrjendalæsi við Háskólann á Akureyri og notið leiðsagnar sérfræðinga háskólans í þróunarverkefninu.

Á Kiðagili er stafainnlögnin formleg í þeim skilningi að stafirnir eru allir lagðir markvisst inn, heiti þeirra og hljóð, og í skrift hjá fjöggra og fimm ára börnunum, og fer vinnan fram jafnt og þétt. Gerð er námsáætlun fyrir hverja önn á öllum deildum skólans. Hver deild setur sér sín markmið í málörvun og læsi og reynt er að hafa stígandi í framvindunni deild af deild. Sérstakar læsisstundir eru hjá fjöggra- og fimm ára börnunum, einu sinni í viku. Þá er hálfur hópurinn í útivist en hinn helmingurinn í fjölbreyttri vinnu og er stöðvavinna mikið notuð. Þar er boðið upp á mörg og mjög fjölbreytt verkefni. Hjá fimm ára börnunum skiptast kennararnir á um að skipuleggja læsisstundina og reyna þá að koma með eitthvert nýtt efni í hvert sinn svo börnin finni alltaf eitthvað áhugavert að fást við.

Á Tjarnarseli fer formleg stafainnlögn fram á sérstöku tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeiði að hausti, síðasta árið í leikskólanum. Börnin læra hljóð eins bókstafs á dag og hljóðstöðumyndir Jóns Júl. Þorsteinssonar lagðar til grundvallar, ásamt ýmsum öðrum hjálpargögnum. Börnin læra heiti bókstafsins, hljóð hans og einnig hvernig hann er táknður á táknmáli, en löng hefð er fyrir táknmáli í skólanum þó ekkert heyrnarskert barn sé þar eins og er. Námið fer iðulega fram í útikennslu og í vettvangsferðum og tengist þá gjarnan einhverju í umhverfinu. Nokkrum sinnum á námskeiðstímanum er farið í stöðvarvinnu þar sem börnin leika sér með bókstafi, hljóð og orð. Einn kennari er á hverri stöð og stjórnar vinnunni/leiknum. Notaður er fjölbreyttur efniviður, til dæmis boltar og leir. Á vorin heldur lestrarkennslan áfram einu sinni í viku, aðallega í vettvangsferðum og leikjum. Allan veturinn geta börnin valið sér að fara í skólakrök þar sem þau hafa aðgang að læsisörvandi efniviði.

Á Velli er formleg lestrarkennsla í lotum. Tvær lotur eru fyrir jól og ein lota eftir jól og skiptast á við lotur í enskukennslu og stærðfræði. Starfsfólkið nýtir sér lestrarkennsluefni frá Helgu Sigurjónsdóttur ásamt öðrum verkefna- og kennslubókum sem ætlaðar eru fyrir leikskóla. Bókstafirnir eru lagðir inn í tiltekinni röð og unnið út frá hljóðgildinu og börnunum er kennt að skrifa stafina. Smám saman og í samræmi við hljóðakennsluáferðina fara börnin að tengja saman hljóð í stutt orð. Þegar kemur fram á vorið fá börnin léttlestrarbækur með sér heim sem prentaðar eru af *Skólavefnum*. Þar er um að ræða lista yfir einföld orð, mest tveggja og þriggja stafa. Þau mega æfa sig með foreldrum sínum ef þau vilja en þurfa þess ekki. Lestrarkennslan er einstaklingsbundin og starfsfólk reynir að þjálfra minni barnanna því það reynir mjög á skammtímaminnið þegar lesið er. Í hópstarfinu þegar lestrarlotan stendur yfir er markviss leiðsögn og kennsla starfsfólks í 20–30 mínútur. Börnin eru ekki með hefðbundnar verkefnabækur en fá hefti með auðum blöðum þar sem þau mega að teikna og skrifa það sem þau vilja. Þau hafa aðgang að bókstöfum sem þau geta leikið sér að og raðað saman, aðgangurinn er ekki frjáls en þau geta beðið um stafina.

Þó lestrarnámið sé ekki í jafn föstum skorðum og á Tjarnarseli og Velli er sérstakt starf með fimm ára börnunum í öllum skólunum sem helgað er lestrarnámi í einni eða annarri mynd. Á Arnarbergi eru elstu börnin í skólahóp tvisvar í viku en frá 1. maí og til skólaloka eru þau saman allan daginn og halda þá til inni í sal. Þar fer fram margvíslegt hópstarf og meira er unnið með bókstafi og tölustafi, lestur og stærðfræði. Börnin eru ekki með sérstakar verkefnabækur en notuð eru laus blöð með verkefnum og þau heftuð saman. Á Hæðarbóli er lestrarnámið líka lotuskipt á móti ensku og stærðfræði hjá elstu börnunum eins og á Velli og þá eru sérstakar stundir helgaðar verkefninu, þrisvar í viku, og hópnum er þá þrískipt. Í hverri stund eru þrjár stöðvar og fara börnin á milli þeirra. Hver stöð er undir stjórn eins kennara þar sem unnið er með mismunandi verkefni í fyrirfram ákveðnum leikjum sem kennarinn stjórnar. Skipt er um efnivið að nokkru leyti á deildinni eftir viðfangsefni hverju sinni og börnin fá þá að ganga í efnið eftir áhuga. Fimm ára börnin á Tröllaborg fá sérstaka málörvunarstund einu sinni í viku þar sem unnið er með lestrarhvetjandi efnivið og leiki og mikið er unnið með



þulur. Bókstafir eru ekki lagðir inn á formlegan hátt en reynt að sjá til þess að allir bókstafirnir hafi verið teknir fyrir með heiti og hljóði þegar starfsárinu lýkur. Fimm ára börnin fá tvisvar í viku sameiginlega sögustund með 1.–3. bekk grunnskólans og eru þá unnin læsishvetjandi verkefni í tengslum við söguna sem lesin er hverju sinni.

Engar sérstaklega skipulagðar lestrarkennslustundir eru í leikskólanum Ægisborg. Þar fer engin formleg stafainnlögn fram og börnunum eru ekki kennd hljóð bókstafanna með skipulegum hætti. Engu að síður er unnið með bókstafina, mest í leik af einhverju tagi og þannig að börnin skrifa sjálf eða með hjálp ritara, enda er rík ritmálshefð á Ægisborg. Vinnan er grundvölluð á stöfum barnanna sjálfra því flest börn þekkja sinn staf mjög snemma og hafa mestan áhuga á honum og nafninu sínu. Börnin hafa aðgang að spjöldum með nafninu sínu sem þau geta sótt sér þegar þau þurfa á að halda. Reynt er að byggja vinnuna á áhuga og frumkvæði barnanna sjálfra og bregðast við því eins og hægt er. Þess vegna er vinnan og aðferðirnar í tengslum við lestrarnám barnanna mismunandi frá ári til árs. Engar verkefna- eða kennslubækur eru notaðar en til eru stafrófsbækur í skólanum sem börnin geta skoðað og nýtt sér að vild.

Engar sérstakar skólastundir eru heldur á Holti hjá fimm ára börnunum og þau fá engar hefðbundnar verkefnabækur. Starfsfólk nýtir sér ýmsar nýlegar bækur til að efla læsi barnanna, útfærir efnið sjálft og reynir að tengja það við leik og hópastarf og setja það í samhengi við það sem er á döfinni hverju sinni í starfinu. Unnið er markvisst með eina barnabók frá því í janúar og fram á vor. Bókin fjallar um það að byrja í grunnskóla og gefur tilefni til fjölbreyttra umræðna og margvíslegrar vinnu sem eflir mál og læsi, meðal annars í samstarfi við foreldra. Það er foreldrafélagið sem gefur börnunum bækurnar og foreldrar fá kynningu á vinnunni áður en hún hefst. Tónlistarkennslan sem börnin fá í skólanum styður við lestrarnám með ýmsum hætti, líka yngri barnanna. Börnin læra lestraráttina og læra að lesa tákni og bregðast við þeim. Kennarinn notar meðal annars texta og vekur athygli á bókstöfum. Starfsfólki finnst ekki erfitt að sinna lestrarnámi barnanna með hugmyndafræði leikskólans um nám í gegnum leik að leiðarljósi.

Á Flúðum er unnið með fimm ára börnin í hópastarfi einu sinni í viku og kalla börnin þá vinnu „skólahóp“, en starfsfólk er ekkert hrifið af þeirri nafngift. Það segist ekki vera að kenna að lesa og lokamarkmiðið sé ekki að börnin verði læs. Einn bókstafur er lagður inn í hverri viku og unnið með hann á fjölbreyttan hátt í öllu sem gert er í skólanum þá vikuna, bæði heiti og hljóð. Stafurinn hangir á töflu í fatahenginu svo foreldrar geti fylgst með. Lögð er áhersla á að gera starfið áhugavert og að leikurinn sé alltaf í fyrirrúmi. Starfsfólk leggur áherslu á að það sé ekki bara að undirbúa börnin fyrir grunnskóla, heldur lífið sjálft. Það leggur áherslu á að efla sjálfstraustið hjá börnunum með því að styðja þau og leyfa þeim að æfa sig, því sjálfstraustið efli börnin og auðveldi þeim allt nám.

Á Tjarnarlandi fer lestrarnámið fram í nánum tengslum við málörvun og er fléttað inn í annað starf. Engin formleg lestrarkennsla fer fram í skólanum í þeim skilningi að bókstafir séu

lagðir inn í tiltekinni röð með tilteknum aðferðum og börnin nota ekki sérstakar verkefnabækur. Sama á við um innlögn á ritmáli. Hins vegar notar starfsfólkið ýmsar nýlegar bækur og tilbúinn efnivið til að efla læsi barnanna. Starfsfólkið útfærir efnið sjálft og reynir að tengja það við leik og hópastarf. Því finnst ekki erfitt að sinna lestrarnámi barna með hugmyndafræði leikskólans að leiðarljósi. Til dæmis er ekki mikið gert af því að sitja við borð og vinna með fyrirfram ákveðin viðfangsefni tengd lestri og bókstöfum, í sérstaklega skipulögðum og undirbúnum stundum. Starfsfólkið gerir sér samt grein fyrir því að það þarf líka að þjálfa börnin í að sitja við borð og vinna. Samverustundir og hópastarf er gjarnan nýtt til að vinna með bókstafi og hljóð en reynt er að láta leikinn og skapandi starf stýra lestrarnáminu eins og öllu öðru starfi. Börnin hafa greiðan aðgang að fjölbreyttum ritörvandi efnivið á ýmsum svæðum skólans. Ritföng, bókstafir, nöfnin þeirra og fleira er börnunum tiltækt og þau geta gengið í það að vild, þau geta skrifað á blöð, í bækur (t.d. gamlar dagbækur) og á tússtöflu. Einnig geta þau nýtt orð og myndir til að leika sér með og raða saman eða skrifa eftir. Þau hafa líka aðgang að ljósrituðum blöðum úr æfingabókum og geta valið þau í sumum valstundum og gengið í þau þegar tækifæri gefst og þau hafa áhuga. Að sögn starfsfólks er það mjög vinsælt.

### 3.3.2 Ritun

Í öllum skólunum er ritmál sýnilegt í einhverjum mæli. Algengt er að hlutir, húsbúnaður og efniviður sé merktur með heiti og það má sjá í flestum skólanna. Hins vegar er misjafnt í hve miklum mæli athygli barnanna er vakin á þessum merkingum. Víða má sjá ritmál á veggjum sem tengist daglegum upplýsingum er varða börnin, til dæmis um veðurfar, tímatal og skipulag starfsins og merkingar af fjölbreyttu tagi. Oft fylgir mynd til stuðnings og er þetta meðal annars liður í því að gera börnin læs á umhverfið í leikskólanum og veita þeim meira öryggi. Á Kiðagili er ritmálið mjög sýnilegt og markviss ritmálsörvun fer fram með börnunum frá fyrstu tíð. Mikill myndastuðningur er við ritmálið hjá yngri börnunum en minnkar með aldrinum og má sjá skemmtilegar útfærslur í því sambandi og skýra framvindu eftir því sem börnin verða eldri. Mjög lítið ritmál er í umhverfi barnanna á Velli enda er það í samræmi við Hjallastefnuna að hafa umhverfið einfalt. Þó er aðeins meira sýnilegt ritmál hjá fimm ára börnunum. Bókstafirnir eru settir upp á vegg hjá þeim í þeirri röð sem þeir eru lagðir inn og fá að standa þar áfram. Börnin merkja líka sjálf stólana sína og þá hluti í umhverfinu sem þau langar að merkja. Þau skrifa sjálf á miðana og hengja þá þar sem það á við, en það er góð leið til að vekja athygli á tilgangi ritmáls.

Það er mjög mismunandi hve rík ritmálsörvun er í þessum tíu skólum, hún er allt frá því að vera fremur lítil og upp í að vera mjög mikil, en flestir sinna henni í nokkrum mæli. Ægisborg sker sig úr að þessu leyti fyrir það hve ritmálsörvun er þar mikil og inngróin í starfið, enda eru stjórnendur þar frumkvöðlar á því sviði hér á landi og hafa langa reynslu í þeim efnum. Ritmálið er í öndvegi og sýnilegt um allan skólann. Mikið er um textamerkingar og texti barnanna blasir alls staðar við í margvíslegu samhengi, mest við myndverk

hverskonar sem unnin eru í tengslum við fjölbreytt verkefni, til dæmis vettvangsferðir. Mikil skráning fer fram á Ægisborg og til þess eru meðal annars nýttar myndir barnanna og texti. Farið er með börnin á listasöfn og önnur söfn og unnin verkefni í tengslum við þær ferðir. Stundum verða til bækur, stundum veggmyndir. Texti barnanna er hluti af þeirri vinnu, unninn með eða án hjálpar. Sama á við um aðrar vettvangsferðir og verkefni, til dæmis fjöruferðir, símfóníutónleika eða verkefni um hreyfingu. Með skráningunni fer líka fram mikil upprifjun á því sem nýlega hefur verið gert og hún gefur jafnframt góð tækifæri til að rifja ýmislegt upp síðar. Fleiri skólar leggja mikla áherslu á vettvangsferðir og vinnu með nærumhverfi og nýta fjölbreytta skráningu í því sambandi eins og komið hefur fram. Þá notar starfsfólk líka tækifærið í ferðunum og vekur athygli barnanna á ritmálinu í umhverfinu utandyra, til dæmis vörumerkjum, götumerkingum og skiltum hvers konar.

Liður í ritmálsörvuninni á Ægisborg er að börnin skrifa bréf heima með aðstoð foreldra sinna, oft um eitthvert sérstakt viðfangsefni. Þau koma svo með bréfið í leikskólann og setja í þar til gerðan póstkassa, sem er opnaður einu sinni í viku og þá lesa börnin bréfin sín fyrir hin börnin með aðstoð starfsfólks. Stundum eru bréfin myndskreytt. Þetta skapar oft góðar umræður og með þessu taka foreldrar þátt í ritmálsörvuninni. Á Tjarnarlandi eiga börnin á hverri deild sér bréfavin meðal eldri borgara í bænum. Þá skrifa börnin með hjálp starfsfólks viðkomandi bréfavini og spyrja um það sem þau vilja vita. Bréfið er sett í póst og svo kemur svarbréf í pósti og það finnst börnunum mjög spennandi. Einu sinni hafði bréfavinur samið vísu fyrir börnin um krumma sem vakti mikla lukku. Börnin skrifa svo aftur og þakka fyrir sig. Bréfin eru hengd upp á vegg og eru þannig öllum til sýnis. Fleiri skólar nýta bréfaskriftir í einhverjum mæli og oft er það val, til dæmis á Kiðagili.

Hluti af skráningu í öllum leikskólunum er dagbókin sem starfsfólk skráir í hvað gert er yfir daginn. Dagbókin er í ýmsu formi, til dæmis bók eða veggtafla. Þar geta foreldrar fylgst með því sem verið er að gera í skólanum frá degi til dags og þar er hægt að koma skilaboðum til þeirra á framfæri. Það hjálpar börnunum að átta sig á tilgangi ritmáls að sjá starfsfólkið skrifa í dagbókina eða á töfluna og foreldrana lesa það sem er skrifað. Þetta hvetur einnig til samræðna foreldra og barna um það sem börnin eru að gera í skólanum.

Áhuginn er lykilatriði í lestrarnámi eins og svo mörgu öðru. Það er eitt af hlutverkum leikskólakennara að reyna að vekja áhuga barnanna og það er alveg jafn mikilvægt og að bregðast við áhuga þeirra. Í sumum skólunum hefur til dæmis tekist að finna skemmtilegar leiðir til að vekja áhuga þeirra stráka sem sýna lítinn áhuga á lestrarnámi, meðal annars í gegnum áhugamál þeirra eins og fótbolta, bíla, vélhjól og vélmenni. Myndablöð, bækur og fleira um þessi viðfangsefni nýtast vel til að vekja áhuga þeirra, þannig að þeir vilja til dæmis geta skrifað nöfn fótboltamanna og það verður spennandi að geta skrifað „vélmenni“ eins og kom í ljós með nokkra fimm ára stráka á Velli.

### 3.3.3 Sögugerð

Sögugerð er þáttur í ritmálsörvun og eflir ekki síst frásagnarhæfni. Henni er mismikið sinnt í skólunum í tengslum við ritmálið. Rík hefð er fyrir sögu- og bókagerð á Ægisborg og er það mikilvægur þáttur í skapandi starfi barnanna. Hjá yngstu börnunum er um að ræða einfaldar bækur; blað er brotið saman og úr verður forsíða, opna og baksíða. Börnin teikna mynd og skrifa stuttan texta eða nafnið sitt, með eða án hjálpar eftir aldri, getu og áhuga. Eftir lestur framhaldssagna með elstu börnunum er oftast útbúin stórbók með myndum og texta barnanna sem byggist á upprifjun þeirra á sögunni. Texti barnanna er skrifaður út á tölvu og límdur í bókina. Bækurnar liggja frammi og börnin og foreldrar þeirra geta skoðað þær þegar þau vilja og börnin rifjað sögurnar upp, ein eða með öðrum. Nokkrir starfsmenn hafa kynnt sér söguaðferðina og nýta hana í verkefnum með börnunum og þá má líka geta þess að Áslaug Jónsdóttir barnabókahöfundur og bókverkakona hefur unnið með börnunum að bóka- og sögugerð. Á Kiðagili er byrjað að vinna með sögugerð hjá þriggja ára börnum og skrifað niður eftir þeim. Talsvert er líka gert af því að barnahópurinn semji sögu saman og kennarinn skrái hana á töflu. Á Flúðum er einnig unnið með sögugerð og dæmi um að sögur barnanna verði að leikritum sem leikin eru fyrir foreldra.

Þótt ritmálsörvunin sé ekki mikil í sumum skólanna er unnið með sögugerð í einhverju formi í þeim öllum. Margir skólar eiga spil og annað efni sem nýtist til sögugerðar, til dæmis *Sögugrunninn*. Þá geta börnin nýtt sér myndir og orð sem þau raða saman í sögur sínar og þegar þau segja hinum frá. Í Tröllaborg er til dæmis mikið unnið með sögugerð og eftir fjölbreyttum leiðum með elstu börnunum. Lögð er áhersla á að börnin geri sér grein fyrir upphafi, miðju og endi (kynningu aðstæðna, atburðarás og sögulokum) í sögugerðinni. Stundum eru lögð blöð á gólfið sem tákna þessar þrjár mikilvægu byggingareindir frásagna og síðan eiga börnin að setja viðeigandi efnivið á rétt blað eftir því sem þau geta. Elstu börnin semja gjarnan sögur tvö og tvö saman eða öll saman, en fimm ára börnin eru alls fjögur á Tröllaborg. *Sögugrunnurinn* er nýttur með ýmsu móti eins og í fleiri skólum, stundum nýta þau einn þemakassa í einu, stundum mega þau blanda efni úr fleiri kössum. Sögutöskur sem starfsmenn hafa útbúið og geyma ýmsa hluti eru líka nýttar og eiga að gefa börnunum hugmyndir að söguefni. Slíkt þekkist í fleiri skólum í mismunandi útfærslum. Stundum fá börnin á Tröllaborg bara tvo hluti, stundum fleiri. Þau fá blað og leggja hlutina á blaðið; það er liður í framvindu sögunnar og minnir börnin á þegar þau segja frá. Ekki er lögð rík áhersla á ritmálið í þessu sambandi, heldur að börnin segi hinum söguna sína. Stundum skrifar kennari þó söguna í sérstaka bók og les hana svo fyrir börnin, stundum teikna börnin í þar til gerða bók og skrifa þá við ef þau vilja, til dæmis nafnið sitt og titil sögunnar. Starfsfólk Tröllaborgar segist vera að þreifa sig áfram í þróunarverkefninu og til standi að sinna ritmálinu meira. Margvísleg spil eru til í skólanum sem örva mál, lestur, ritun og sögugerð, sem og talna- og formaskilning, til dæmis spilið *Áfram fyrsti bekkur* sem er mjög vinsælt hjá elstu börnunum.

## 4 Samstarf við foreldra og grunnskóla um lestrarnám

Foreldrar gegna miklu hlutverki í þróun læsis barna sinna og rannsóknir hafa sýnt að umhverfið á heimilunum hefur áhrif á lestrarnám barna (Vukelich og Christie, 2004). Meðal þess sem skiptir máli er að foreldrar lesi fyrir börnin sín, ræði við þau og svari áhuga þeirra á prentmáli og ritun. Börnin þurfa líka að hafa greiðan aðgang að bókum og prentmáli, þau verða að sjá foreldra sína nota ritmálið í margvíslegum tilgangi og njóta þess að lesa. Leikskólakennarar og foreldrar þurfa því að ræða saman og skiptast á gagnlegum upplýsingum um barnið og tilhögun lestrarnámsins. Þá þarf einnig að vera gott samstarf á milli leikskóla og grunnskóla til að tryggja betri samfellu í lestrarnáminu.

### 4.1 Samstarf við foreldra

Í 2. gr. laga um leikskóla (nr. 90 2008) þar sem tilgreind eru meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla segir að fylgjast skuli með „og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.“ Og í 10. gr. sömu laga segir: „Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði.“ Í aðalnámsskrá leikskóla (2011) er líka fjallað um samstarf heimilis og leikskóla. Þar kemur meðal annars fram að leikskólinn skuli veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Auk þess er eitt af markmiðunum með foreldrasamstarfi að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Einnig kemur fram að dagleg samskipti og upplýsingaflæði séu undirstaða að góðu samstarfi foreldra og leikskóla við uppeldi barna. Gagnkvæmur skilningur og virðing foreldra og kennara, gott samstarf hvorra tveggja um uppeldi og menntun barnsins og margvísleg þátttaka foreldra í leikskólastarfinu er grundvöllur að farsæld og velgengni barnsins, meðal annars í námi, eins og fjölmargar rannsóknir hafa staðfest (Andersen og Rasmussen, 1996; Bronfenbrenner, 1979; Epstein, 2002).

Í öllum leikskólunum tíu eru hefðbundnir fundir fyrir foreldra og foreldraviðtöl einu sinni á ári. Dagleg samskipti við foreldra eru einnig mikil í öllum leikskólunum og í mörgum þeirra fá foreldrar upplýsingar um hvað börnin þeirra gera á hverjum degi, til dæmis hvaða bókstaf er verið að fjalla um, í dagbók, á upplýsingatöflu eða á heimasíðu leikskólans. Það auðveldar foreldrum að ræða við börnin um það sem þau eru að fást við í skólanum og greiðir fyrir mállegum samskiptum foreldra og barna. Í sumum skólanna eru foreldrar hvattir til að fylgja eftir áhuga barnanna á bókstöfum og læsi og tengja starfinu í skólanum. Flestir skólarnir senda foreldrum tölvupóst og einnig fréttabréf reglulega, meðal annars fréttir af vinnu í tengslum við lestrarnámið. Margir leikskólanna hafa sérstaka fundi til að kynna þær áherslur sem unnið er með í tengslum við málörvun og lestrarnám barnanna. Leikskólinn Hæðarból vinnur eftir opinberri lestrarstefnu Garðabæjar sem er aðgengileg á heimsíðu bæjarins. Á heimasíðunni eru einnig leiðbeiningar fyrir foreldra um málörvun og lestur fyrir börn. Heimasíður skólanna eru mikið nýttar til að veita foreldrum upplýsingar og á heimsíðum sumra þeirra eru líka leiðbeiningar fyrir foreldra og jafnvel fræðslufni um

málörvun og lestur. Þar eru einnig ítarlegar upplýsingar um þróunarverkefni og skýrslur um þau. Hér eru nokkur dæmi um sérstakt samstarf leikskólanna við heimilin í tengslum við málörvun og lestrarkennslu:

- Á Holti, Tjarnarseli og Hæðarbóli eru foreldrar hvattir sérstaklega til að lesa fyrir börnin sín og fræddir um það hvernig best sé að haga lestrinum og hvernig megi ræða efni bókarinnar og sérstök orð eða hugtök sem koma fram í sögunni. Á Hæðarbóli fá foreldrar dæmi um hvernig áhrifarík sögustund getur verið.
- Í nokkrum skólum er einnig rætt við foreldra um hlutverk þeirra í málörvun barna sinna, meðal annars sem góð fyrirmynd, og þeir hvattir til að ræða mikið við börn sín og lesa fyrir þau.
- Í sumum leikskólunum eru foreldrar alltaf velkomnir í lestrarstund til að hlusta með börnunum og fylgjast með eða jafnvel lesa fyrir börnin.
- Á Tjarnarseli eru foreldrar hvattir til að koma í lestrarkennslustundir til að fylgjast með og fræðast um kennsluna og þeir eru hvattir til að koma og lesa fyrir börnin.
- Á Tjarnarlandi koma foreldrar af og til í skólann til að taka þátt í verkefnum, sbr. jarðfræðinginn sem fræddi börnin um eldgos þegar Eyjafjallajökull gaus árið 2010. Tannfræðingur hefur líka komið í skólann og frætt börnin um tannvernd og foreldrar tvítyngdra barna hafa komið og bakað eða eldað þjóðlega rétti og frætt börnin um sérkenni þjóðar sinnar.
- Á Holti fá elstu börnin verkefni með sér heim sem þau vinna með foreldrum sínum ef þau vilja. Þau eru til dæmis beðin að hugsa um samheiti, andstæður eða orð sem byrja á ákveðnum bókstaf. Þau mega koma með afraksturinn á blaði ef þau vilja.
- Í tengslum við dag íslenskrar tungu eru börnin á Tjarnarlandi hvött til að leita í smiðju ömmu og afa og koma með gamalt íslenskt orð, orðatiltæki eða málshátt og kynna hinum börnunum.
- Elstu börnin í leikskólanum Velli mega fara heim með léttlestrarbækur sem þau fá í skólanum, en það ræðst af áhuga barnsins hvort þau gera það og hvort þær eru lesnar heima.
- Á Tjarnarseli og Tröllaborg geta foreldrar og börn fengið bækur að láni í leikskólanum, bæði barnabækur og fræðibækur um uppeldismál. Á Tröllaborg voru saumaðir sérstakir bókapokar fyrir börnin fyrir bækurnar sem þau fá að láni.
- Í flestum leikskólunum fá börnin að koma með bók að heiman sem stundum er lesin og rædd í lestrarstund. Foreldrar taka oft þátt í vali bókarinnar með barninu og eru jafnvel hvattir til að koma með bækur sem þeir sjálfir áttu sem börn. Á Tjarnarlandi er bókapema í upphafi hvers árs og þá fara börnin heim með bókapoka og koma með uppáhaldsbókina sína í honum daginn eftir.
- Á Flúðum skiptast yngstu börnin á að fara heim með bangsa og skrifa/teikna í bók það sem þau gera með honum heima hjá sér. Síðan er það lesið fyrir öll börnin á deildinni.

- Á Ægisborg koma börnin með bréf að heiman sem þau hafa skrifað með foreldrum sínum ef þau vilja segja frá einhverju sem þau hafa upplifað. Bréfið er lesið fyrir börnin á deildinni og efni þess rætt og unnið með það ef áhugi er fyrir hendi eða ef efni þess tengist því sem verið er að vinna að hverju sinni. Stundum segja börnin sjálf frá efni bréfsins, en það er góð æfing í mállegri tjáningu og barnið hefur þá stuðning af bréfinu. Bréfið fer síðan í ferilmöppu barnsins.

## 4.2 Samstarf við grunnskóla

Samstarf leik- og grunnskóla er mikilvægt til að stuðla að samfellu í námi barna og til að barnið upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Leik- og grunnskólakennarar ættu að þekkja starfsaðferðir beggja skólastiganna og ræða saman um nám og uppeldi. Það kemur fram í aðalnámsskrá leikskóla (2011) að gagnkvæmar heimsóknir barna í leik- og grunnskólum séu heppilegar til að tengja skólastigin saman og æskilegt sé að börnin vinni saman að ákveðnum verkefnum.

Allir leikskólarnir tíu eru í einhverju samstarfi við grunnskólann sem starfar í sama hverfi eða sveitarfélagi, en þó er misjafnt hversu mikið samstarfið er. Í sumum leikskólunum er aðeins um að ræða hefðbundið samstarf þar sem elstu leikskólabörnin heimsækja 1. bekk grunnskólans nokkrum sinnum yfir veturinn og jafnvel í samvinnu við foreldra. Í öðrum skólum er samstarfið mun meira, einkum í sambandi við lestrarnám barnanna. Grunnskólarnir í nágrenni við Kiðagil og Tjarnarsel hafa sóst eftir auknu samstarfi og meðal annars óskað eftir að fá að kynnast því hvernig lestrarkennslan í leikskólanum fer fram.

Leikskólakennararnir telja áhugann til kominn vegna þess hversu vel börnin standa í lestri þegar þau hefja grunnskólagönguna. Hér eru nokkur dæmi um hvernig samstarfinu er háttað í einstökum skólum:

- Í flestum skólanna eru samráðsfundir kennara af báðum skólastigum um samstarfið.
- Á vegum Tjarnarlands og Egilsstaðaskóla er starfandi samstarfshópur stjórnenda og kennara til að þróa samstarf skólastiganna.
- Börn af miðstigi grunnskólans koma og lesa fyrir leikskólabörnin í sumum leikskólunum. Á Flúðum kemur 6. bekkur og les fyrir öll börnin í leikskólanum 3–4 sinnum yfir veturinn og alltaf á degi íslenskrar tungu. Hann verður síðan vinabekkur þegar leikskólabörnin koma í grunnskólann.
- Börnin á Tjarnarseli fara aðallega í þrjá grunnskóla en samstarfið er mest við einn þeirra. Börnin í 7. bekk í þeim skóla sækja í að fá að koma og lesa fyrir börnin og eru þau sérstakir bókavinir barnanna í leikskólanum.
- Á Tröllaborg eru sameiginlegar lestrarstundir elstu barnanna í leikskólanum og barnanna í 1.–3. bekk í grunnskólanum tvisvar í viku og börn úr 5.–7. bekk í grunnskólanum lesa reglulega fyrir leikskólabörnin.

- Í samstarfi leikskólans Holts og Akurskóla fara kennararnir á milli skólastiga og vinna með börnunum. Um skeið höfðu elstu börnin í leikskólanum aðstöðu í Akurskóla, vegna plássleysis á Holti, og þá myndaðist gott samstarf og gagnkvæmur skilningur milli skólanna. Skólarnir vinna sameiginlegt þemaverkefni um þorrann á hverju ári og þá styrkjast tengslin enn frekar. Á Hæðarbóli og í Hofstaðaskóla er einnig unnið sameiginlegt þemaverkefni.
- Elstu börnin í leikskólanum Holti vinna með bókina *Kókoshneta byrjar í skóla*, sem eins og titillinn bendir til fjallar um ýmislegt sem tengist því að byrja í grunnskóla. Í því sambandi vinna börnin upp spurningalista um það sem þau langar að vita og senda börnunum í 1. bekk í Akurskóla, sem undirbúa svörin áður en leikskólabörnin koma í heimsókn til að ræða málin við þau og bekkjarkennarann.
- Á Holti hafa elstu börn leikskólans unnið með yngstu börnum grunnskólans fyrir dag íslenskrar tungu. Þá kemur barnabókarhöfundur í heimsókn og börnin undirbúa sig með því að lesa ákveðna bók eftir höfundinn og fjalla um hana.
- Elstu börnin á Flúðum heimsækja Lundaskóla um það bil fimm sinnum og fá álíka margar heimsóknir grunnskólabarnanna þaðan. Sótt hefur verið um styrk til að vinna sameiginlegt þróunarverkefni þessara skóla auk tveggja annarra leikskóla.
- Á Hólum vinna leik- og grunnskólinn saman að þróunarverkefni til að efla læsi á báðum skólastigunum. Skólarnir eru í sama húsnæði og því auðvelt um vik að vinna saman. Þeir setja sér sameignleg markmið og eitt af þeim er að gera áætlun um lestrarnám og lestrarkennslu frá leikskóla til grunnskóla. Skólarnir voru tilnefndir til *Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2011* fyrir þetta samstarf.



## 5 Til umræðu

Mikil og rík áhersla er lögð á hugtakið læsi í víðum skilningi í nýrri aðalnámskrá leikskóla (2011). Þar er þó hvergi tekið fram að kenna skuli leikskólabörnum að lesa prentað mál frekar en í aðalnámskránni frá 1999. Engu að síður hefur það færst í vöxt á undanförunum árum að leikskólar sinni lestrarnámi barna og sumir skólar hafa það í skólanámskrá sinni að kenna öllum börnunum að lesa. Þróunarstarfið á sviði lestrarnáms í þeim tíu skólum sem hér hafa verið til umfjöllunar er til vitnis um það öfluga starf sem fram fer á þessu sviði í leikskólum landsins. Í því sambandi skal tekið fram að einnig er unnið mikið og gott starf í þeim efnum í hinum skólunum fimmtán sem tilnefndir voru í þessu verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Aðstæður og áherslur eru mismunandi í skólunum tíu og hið sama á við um sýn starfsfólks á ýmislegt er varðar viðfangsefnið. Í því sambandi er áhugavert að skoða nánar nokkur atriði sem vert væri að taka til umræðu í framhaldi af þessari skýrslu.

Starfsfólk leikskólanna tengir málörvun náíð undirbúningi lestrarnáms og þjálfar markvisst ákveðna þætti eins og hljóðkerfisvitund og vinnur skipulega að því að auka orðaforða. Í því sambandi er talað um snemmtæka íhlutun enda benda rannsóknir til þess að góð hljóðkerfisvitund, ríkur orðaforði og góður málskilningur barna hafi jákvæð áhrif á lestrarnám þeirra. Málörvunin er því í mörgum tilfellum fyrst og fremst markviss í þeim atriðum sem tengjast beint lestrarnámi og hún fer fram í skipulögðum stundum þar sem leikskólakennarinn stýrir því sem gert er. En það má ekki gleymast að málörvun er mikilvæg af fleiri ástæðum en þeim sem tengjast lestrarnámi. Allir þurfa að öðlast öryggi í meðferð móðurmálsins til að geta tjáð sig um hvaðeina sem þá skiptir máli, svo sem langanir, þarfir, tilfinningar og skoðanir eins og kveðið er á um í 2. gr. laga um leikskóla (nr. 90/2008), meðal annars í tengslum við virka þátttöku í lýðræðissamfélagi, sbr. einnig aðalnámskrá leikskóla (2011). Leikskólabörn verða að fá næg tækifæri til að taka þátt í samræðum í dagsins önn og umræðum um fjölbreytt viðfangsefni. Æskilegt er líka að allir náí því valdi á málinu að þeir geti haft gaman af því og geti nýtt það til sköpunar. Málörvun fer því að miklu leyti fram í samræðum við börn um allt á milli himins og jarðar og með því að hvetja þau til að ræða saman. Hún þarf ekki endilega að fara fram í sérstaklega skipulögðum stundum, heldur í öllu starfi leikskólans, en krefst engu að síður íhugunar og undirbúnings af hálfu starfsfólks svo hvatningin og örvunin sé markviss.

Það ber nokkuð á því í sumum skólanna að litið sé á nám og leik sem aðskilda þætti. Þó að flestir leikskólakennaranna tali um að þeir vinni með málörvun og lestrarnám í leik barnanna, þá virðist það þó helst fara fram í stundum þar sem kennarinn stýrir því sem gert er, en síður í leik þar sem börnin ráða sjálf ferðinni. Í nokkrum skólanna hafa börnin einungis aðgang að þeim efniviði sem ætlaður er til að ýta undir læsi í stundum sem kennarinn stýrir en ekki þegar þau leika sér á eigin forsendum.

Í sumum skólunum er skýrt tekið fram að verið sé að kenna börnunum að lesa en annars staðar er þvertekið fyrir að svo sé. Þó er iðulega verið að gera það sama með börnunum og jafnvel notaðar sömu aðferðir. Þetta á einkum við um vinnu með bókstafi og hljóð. Munurinn liggur ef til vill í þeim skilningi sem starfsfólk leggur í athöfnina „að kenna“. Löngum hefur verið litið svo á í leikskólum að „kennsla“ tilheyri fyrst og fremst öðrum skólastigum þar sem stefnt er að því að börn öðlist ákveðna þekkingu. Svo virðist líka sem sérstök viðkvæmni sé fyrir því að nota kennsluhugtakið í leikskólunum um lestur, en slíkrar viðkvæmni verði síður vart þegar rætt er um að kenna börnum ýmislegt annað, til dæmis litina. Þó sumir tali um að kenna börnum bókstafi og hljóðgildi þeirra vilja þeir hinir sömu ekki kannast við að þeir séu að kenna börnunum að lesa af því að starfið fer fram í leik.

Eins og áður er komið fram fer mjög margt af því sem gert er með börnum í tengslum við lestrarnámið í þessum tíu skólum fram í undirbúnum stundum sem kennarinn stýrir. Í mörgum tilvikum er hægt að flokka það sem fram fer í slíkum stundum sem kennslufræðilegan leik. En það sem sumir kalla leik í því sambandi, kalla aðrir kennslu. Hugsanlega stafar þessi feimni við kennsluhugtakið af því að lestrarnámið er tiltölulega nýtt í starfsemi leikskóla og af ótta við að leikurinn víki fyrir beinni kennslu.

Læsi í þeirri merkingu sem hér hefur verið til umræðu, það er læsi á bókstafi og prentað mál, er annað hugtak sem er nokkuð á reiki meðal starfsfólks skólanna. Í sumum leikskólunum er talað um að það sé markmið að gera börnin læs án þess að það sé skilgreint hvað átt sé við með því að barn sé orðið læst. Þá eru notuð mismunandi hugtök yfir lestrarnám í leikskóla eins og fyrr er komið fram; leikskólalæsi, bernskulæsi eða byrjendalæsi.

Nú þegar fer fram markvisst lestrarnám í leikskólum, eins og þessir tíu skólar og margir fleiri eru til vitnis um. Búast má við að þeim skólum fari fjölgandi á næstunni sem taka lestrarnám barna fastari tökum. Þess vegna er mikilvægt að leikskólakennarar ræði saman um það hvernig og eftir hvaða leiðum þeir vilja nálgast viðfangsefnið. Í því sambandi er nauðsynlegt að þeir velti fyrir sér og skýri merkingu hugtaka á borð við nám, leikur, kennsla og læsi í leikskóla og setji í samhengi við hugmyndafræði leikskólastarfs um leik sem náms- og þroskaleið leikskólabarna. Nám og leikur eru þættir sem þurfa að tengjast og áhugi barnanna og frumkvæði á að ráða ferðinni.

## **Að lokum**

Það er unnið framúrskarandi starf á sviði málörvunar og lestrarnáms í þessum tíu leikskólum sem hér hafa verið til umfjöllunar og það tengist í flestum tilfellum sérstökum verkefnum um málörvun og lestrarnám. Mörg börn ná langt á vegferð sinni til læsis í leikskólanum þó frekara nám og ekki síst mikil æfing í lestri bíði þeirra í grunnskólanum. Ýmislegt bendir til þess að í grunnskólunum sé aukinn áhugi fyrir starfi leikskóla og ríkur samstarfsvilji um lestrarnám barnanna virðist vera á báðum skólastigunum. Leikskólakennarar og aðrir sem leiða þróunarstarfið um lestrarnám í leikskólunum þurfa ef til vill að huga meira að hlutverki sínu og ekki síst hlutverki leiksins í lestrarnámi barnanna, ræða saman og skýra hugtök á sviði náms og kennslu í samræmi við hugmyndafræði leikskólans um leik sem uppsprettu náms og þroskaleið leikskólabarna.

## Heimildir

- Andersen J. og Rasmussen K. (1996). *Mer foreldresamarbeid*. Oslo: Pedagogisk Forum.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2006). Bók í hönd. Um barnabækur í leikskólastarfi. *Hrafnaving, 3*, 19–32.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2008). Málstefna í leikskólum. *Skíma, 1*, 6–10.
- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2008). „Bók í hönd og þér halda engin bönd”: Að efla mál- og læsisþroska leikskólabarna með lestri bóka. Óbirt M.Ed.-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2002). *Bringing words to life: Robust vocabulary instruction*. New York: Guilford Press.
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development*. Cambridge: Harvard University Press.
- Drake, J. (2003). *Organising play in the early years: Practical ideas and activities for all practitioners*. London: David Fulton.
- Epstein, J. L. (2002). *School, Family, and Community Partnerships: Your Handbook for Action*. Thousand Oaks: Corwin Press.
- Foote, L., Smith, J. og Ellis, F. (2004). The impact of teachers' beliefs on the literacy experiences of young children: A New Zealand perspective. *Early Years, 24*(2), 135–147.
- Golinkoff, R. M., Hirsh-Pasek, K. og Singer, D. G. (2006). Why play = learning: A challenge for parents and educators. Í D. G. Singer, R. M. Golinkoff og K. Hirsh-Pasek (ritsjórar), *Play = learning: How play motivates and enhances children's cognitive and social-emotional growth* (bls. 3–12). New York: Oxford.
- Goouch, K. (2006). Supporting children's development and learning. Í T. Bruce (ritstjóri), *Early childhood: A guide for students* (bls. 173–189). London: Sage.
- Hamaguchi, P. M. (2010). *Childhood speech, language and listening problems – what every parent should know*. Hoboken, NJ: John Wiley and sons inc.
- Holzman, L. og Newman, F. (2008). Playing in/with the ZPD. Í E. Wood (ritstjóri), *The routledge reader in early childhood education* (bls. 85–108). London: Routledge.
- Hoorn, J. V., Nourot, P. M., Scales, B. og Alward, K. R. (2007). *Play at the center of the curriculum* (4. útgáfa). New Jersey: Pearson.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu: Sögubýgging og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna – almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun, 13*(2), 9–31.
- Hymes, D. (1971). Competence and performance in linguistic theory. Í R. Huxley & E. Ingram (ritstjórar) *Language Acquisition: Models and Methods* (bls. 3–28). London: Academic Press.
- Højgaard, A. (2006). *Barnas språkutvikling, muntlig og skriftlig*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2010). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“. *Hlutverk leikskólakennara í leik barna*. Óbirt M.A.-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

- Íslenska til alls*. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. (2009). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Jalongo, M. R. (2010). Listening in Early childhood: An interdisciplinary review of the literature. *The international Journal of listening*, 24(1), 1–18.
- Johnson, J. E., Christie, J. F. og Wardle, F. (2005). *Play, development and early education*. New York: Pearson.
- Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2004). Málþroskamælingar í leikskóla og forspárgildi þeirra um námsgengi í grunnskóla. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 67–90.
- Justice, L. M., Meier, J. og Walpole, S. (2005). Learning new words from storybooks: An efficacy study with at-risk kindergartners. *Language, Speech & Hearing Services in Schools*, 36(1), 17–32.
- Lög um leikskóla* nr. 90/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámsskrá leikskóla*. Sótt 17. maí 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3952>.
- Moyles, J. og Adams, S. (2006). Developing and managing the professional role. Í T. Bruce (ritstjóri), *Early childhood: A guide for students* (bls. 308–318). London: Sage.
- Muter, V., Hulme, C., Snowling, M. og Taylor, S. (1998). Segmentation, not rhyming predicts early progress in learning to read. *Journal of Experimental Child Psychology*, 71, 3–27.
- National Reading Panel. (2000). *Report of the National Reading Panel: Report of the subgroups*. Washington, DC: National Institute of Child Health and Human Development Clearing House. Sótt 17. maí 2011 af <http://www.nichd.nih.gov/publications/nrp/report.cfm>
- Nygaard Jensen, M. (2007). *At læse med børn. Dialogisk oplæsning i dagtilbud*. Århus: Klim.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2005). Bragfræði og málþroski. *Hrafnaving*, 2, 53–64.
- Roskos, K. & Christie, J. (2001). Examining the play–literacy interface: A critical review and future directions. *Journal of Early Childhood Literacy*, 1(1), 59–89.
- Samuelsson, I. P. og Johansson, E. (2006). Play and learning-inseparable dimensions in preschool practice. *Early Child Development and Care*, 176(1), 47–65.
- Sandvik, M. og Spurkland, M. (2011). *Jeg vil lære dansk før skolstart! Sprogudvikling i den flerkulturelle børnehave*. Frederikshavn: Dafolo.
- Santoro, L. E., Chard, D. J., Howard, L. og Baker, S. K. (2008). Making the very most of classroom read-alouds to promote comprehension and vocabulary. *The Reading Teacher*, 61(5), 396–408.
- Saracho, O. N. (1998). What is stylish about play? Í O. N. Saracho og B. Spodek (ritstjórar), *Multiple perspectives on play in early childhood education* (bls. 240–254). New York: State university of New York.
- Saracho, O. N. (2004). Supporting literacy-related play: Roles for teachers of young children. *Early Childhood Education Journal*, 31(3), 201–206.
- Sayeed, Z. og Guerin, E. (2000). *Early years play: A happy medium for assessment and intervention*. London: David Fulton.

- Scarborough, H. S. (2003). Connecting early language and literacy to later reading (dis)ability: Evidence, theory, and practice. Í S. B. Neuman og D. K. Dickinson (ritstjórar), *Handbook of early literacy research* (bls. 97–110). New York: Guilford Press.
- Sheridan, S. og Samuelsson, I. P. (2009). *Barns lærande – fokus i kvalitetsarbetet*. Stockholm: Liber AB.
- Sigurður Konráðsson. (2000). Orðaforði. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar. Greinasafn um lestur og læsi* (bls.151–170). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið.
- Smidt, S. (2009). *Introducing Vygotsky: A guide for practitioners and students in early years education*. London: Routledge.
- Snow, C.E., Burns, M. S., og Griffin, P. (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington: National Academy Press.
- Spooner, L. og Woodcock, J. (2010). *Teaching children to listen: a practical approach to developing children's listening skills*. London: Continuum.
- Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjarney Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). Leið til læsis. Stuðningskerfi í lestrarkennslu. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. *Netla*. Sótt 28. maí 2011 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/028.pdf>
- Stone, J. G. (2001). *Building classroom community*. Washington: National association for the education of young children.
- Storch, S. A. og Whitehurst, G. J. (2002). Oral language and code-related precursors to reading: Evidence from a longitudinal structural model. *Developmental Psychology*, 38, 934–947.
- Vukelich, C. og Christie, J. 2004. *Building a foundation for preschool literacy. Effective instruction for children's reading and writing development*. Newark: International Reading Association.
- Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge: Harvard university.
- Wood, E. (2004). Developing a pedagogy of play. Í A. Anning, J. Cullen og M. Flear (ritstjórar), *Early childhood education: Society and culture* (bls. 19–30). London: Sage.